



Viðhorf stúdenta til breytinga á námi og kennslu í HÍ vegna COVID-19-farsóttar á vormisseri 2020

Spurningakönnun meðal stúdenta við
Háskóla Íslands í maí 2020

Skýrsla rannsóknarhóps

Nóvember 2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Höfundar: Amalía Björnsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir

© Amalía Björnsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir

Nóvember 2020

Viðhorf stúdenta til breytinga á námi og kennslu í HÍ vegna COVID-19-farsóttar á vormisseri 2020.

Spurningakönnun meðal stúdenta við Háskóla Íslands í maí 2020.

Menntavísindastofnun, Menntavísindasvið, Háskóli Íslands

ISBN: 978-9935-9534-3-8

Efnisyfirlit

Myndaskrá.....	6
Skrá yfir töflur.....	7
Verkefni og vinnulag.....	8
Helstu niðurstöður	9
Viðbrögð háskólans	9
Mat stúdenta á nýtingu tækni.....	9
Athugasemdir um viðbrögð kennara.....	10
Breytingar á námsmati	10
Aðstæður stúdenta.....	11
Niðurstöður	12
Þátttakendur.....	12
Bakgrunnur	12
Námsstig, námsform og einingafjöldi.....	14
Námslán, vinna með námi og fjárhagsáhyggjur	15
Áhrif COVID-19 á námsframvindu	19
Viðbrögð kennara og annarra innan háskólans við samkomubanni og breyttum starfsháttum	20
Ánægja með viðbrögð ýmissa aðila innan háskólasamfélagsins	21
Leiðbeinendur í lokaverkefnum	21
Skrifstofa sviðs, deildar eða námsbrautar	22
Upplýsingatæknisvið/tölvupjónusta.....	22
Pjónusta náms- og starfsráðgjafar.....	22
Námsbrautarstjóri eða deildarforseti.....	22
Lausnir í kennslu á neti.....	23
Fjarfundir og umræður á netinu.....	23
Upptökur kennara, t.d. Panopto, Zoom eða Teams.....	25
Fyrirlestrar eða kennslustundir í rauntíma.....	26
Umræðuþræðir á netinu	27
Breytingar á námsmati og kröfum.....	28
Dregið úr námsefni.....	28
Aukinn sveigjanleiki	29
Verkefni eða próf felld niður	29
Lokaprófum breytt í verkefni.....	30
Lokaeinkunn breytt í staðið/fallið	30

Rafrænt námsmat.....	31
Rafrænt próf styttra en 5 klst.	31
Heimapróf.....	32
Munnlegt próf á netinu	33
Skil á verkefnum á netinu	33
Nemendakynningar	34
Viðbrögð Háskóla Íslands almennt við breyttum aðstæðum vegna COVID-19.....	35
Viðauki: Svör við opnum spurningum	37
Félagsvísindasvið	37
Ánægja með viðbrögð kennara	37
Óánægja og mismunandi viðbrögð kennara	38
Námsmat – próf og verkefni.....	40
Aðstæður stúdenta.....	41
Netfundir og upptökur – breytingar til framtíðar.....	43
Viðbrögð leiðbeinanda í lokaverkefni.....	43
Viðbrögð kennsluskrifstofu/skrifstofu sviðs/deildar/námsbrautar.....	43
Viðbrögð námsbrautarformanns, deildarforseta og rektors.....	44
Heilbrigðisvísindasvið	45
Ánægja með viðbrögð kennara	45
Óánægja með mismunandi viðbrögð kennara	45
Námsmat – próf og verkefni.....	47
Aðstæður stúdenta.....	49
Netfundir og upptökur – breytingar til framtíðar.....	50
Viðbrögð leiðbeinanda í lokaverkefni.....	51
Viðbrögð kennsluskrifstofu/skrifstofu sviðs/deildar/námsbrautar.....	51
Viðbrögð námsbrautarstjóra og deildarforseta.....	52
Hugvísindasvið.....	53
Ánægja með viðbrögð kennara	53
Óánægja og mismunandi viðbrögð kennara	53
Námsmat – próf og verkefni.....	54
Aðstæður stúdenta.....	54
Netfundir og upptökur – breytingar til framtíðar.....	55
Viðbrögð kennsluskrifstofu / skrifstofu sviðs/deildar/námsbrautar	55
Viðbrögð námsbrautarformanns, deildarforseta og rektors.....	56
Menntavísindasvið	57
Ánægja með viðbrögð kennara	57

Óánægja með mismunandi viðbrögð kennara	59
Námsmat – próf og verkefni.....	61
Aðstæður stúdenta.....	62
Viðbrögð leiðbeinanda í lokaverkefni.....	63
Viðbrögð kennsluskrifstofu/skrifstofu sviðs/deildar/námsbrautar	63
Viðbrögð námsbrautarformanns, deildarforseta og rektors.....	63
Verkfræði- og náttúruvísindasvið.....	65
Ánægja með viðbrögð kennara	65
Óánægja með mismunandi viðbrögð kennara	65
Námsmat – próf og verkefni.....	67
Aðstæður stúdenta.....	67
Netfundir og upptökur – breytingar til framtíðar.....	68
Viðbrögð leiðbeinanda í lokaverkefni.....	68
Viðbrögð námsbrautarformanns, deildarforseta eða rektors.....	68

Myndaskrá

Mynd 1. Fjöldi þátttakenda eftir fræðasviðum.	12
Mynd 2. Eftir reynslu af fjarnámi, ertu líklegri til að velja slíkt nám?	15
Mynd 3. Hlutfall stúdenta sem vinna með námi eða taka námslán.....	15
Mynd 4. Tímar á viku í launuðu starfi fyrir samkomubann.	16
Mynd 5. Tímar á viku í launuðu starfi eftir samkomubann	16
Mynd 6. Þörf á stuðningi frá vinnustað vegna námsins á meðan á samkomubanni stóð.....	17
Mynd 7. Hversu miklu máli stuðningur frá vinnustað skipti til að geta haldið áfram námi við þessar breyttu aðstæður.	17
Mynd 8. Áhyggjur af fjárhagslegri getu til að stunda nám.	18
Mynd 9. Hafa fjárhagsáhyggjur aukist eða minnkað vegna COVID-19?	18
Mynd 10. Hversu líklegt er að stúdent hætti námi vegna COVID-19?	19
Mynd 11. Hversu líklegt er að stúdent seinki í námi vegna COVID-19?	19
Mynd 12. Ánægja almennt með viðbrögð kennara í þeim námskeiðum sem stúdentar voru skráðir í meðan á samkomubanni stóð.	20
Mynd 13. Ánægja með viðbrögð leiðbeinanda í lokaverkefni.	21
Mynd 14. Ánægja með viðbrögð skrifstofu sviðs, deildar eða námsbrautar.	22
Mynd 15. Hversu sáttir stúdentar voru almennt við þær rafrænu lausnir sem notaðar voru í samkomubanni.	23
Mynd 16. Fjarfundir, umræður eða aðstoð, t.d. í Zoom, Teams, Skype eða Canvas.	23
Mynd 17. Reynsla af fjarfundum á netinu.	24
Mynd 18. Notkun á upptökum kennara.	25
Mynd 19. Hvernig upptökur kennara reyndust, t.d. í Panopto, Zoom eða Teams.....	25
Mynd 20. Kennslustund eða útsending í rauntíma.	26
Mynd 21. Hvernig kennslustundir í rauntíma voru taldar hafa heppnast.....	26
Mynd 22. Umræðupræðir á neti.	27
Mynd 23. Hvernig umræðupræðir á neti reyndust.	27
Mynd 24. Hversu sáttir stúdentar voru almennt við þær breytingar á námsmati sem voru gerðar eftir að samkomubann var sett á.	28
Mynd 25. Dregið var úr námsefni, t.d. lesefni.....	28
Mynd 26. Aukinn sveigjanleiki á verkefnum/prófum.	29
Mynd 27. Verkefni eða próf felld niður.	29
Mynd 28. Lokaprófi breytt í verkefni.....	30
Mynd 29. Lokaeinkunn breytt í staðið/fallið.	30
Mynd 30. Rafrænt próf með tímatakmörkunum undir 5 klst.	31
Mynd 31. Reynsla af rafrænum prófum undir 5 klst.	31
Mynd 32. Heimapróf með rúmum tíma, t.d. einn dagur eða meira.	32
Mynd 33. Reynsla af heimaprófum með rúmum tímamörkum.	32
Mynd 34. Munnlegt próf á netinu.	33
Mynd 35. Skil á verkefnum á netinu.....	33
Mynd 36. Reynsla af skilum á rafrænum verkefnum.	34
Mynd 37. Nemendakynningar á netinu.....	34
Mynd 38. Reynsla af nemendakynningum á netinu.....	35
Mynd 39. Hversu vel eða illa háskólinn brást almennt við breyttum aðstæðum vegna COVID-19.	35

Skrá yfir töflur

Tafla 1. Aldur og kyn þátttakenda eftir fræðasviðum.	12
Tafla 2. Hjúskaparstaða og fjöldi barna í umsjón þátttakenda.	13
Tafla 3. Menntun foreldra stúdenta og móðurmál.	13
Tafla 4. Námsstig, námsform og einingar.....	14

Verkefni og vinnulag

Amalía Björnsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir, prófessorar á Menntavísindasviði (MVS), hafa síðustu misseri verið að skoða reynslu og viðhorf stúdenta á MVS, einkum þeirra sem eru í kennaranámi. Vorið 2020 ákváðu þær að leggja könnun fyrir alla stúdenta á MVS um reynslu þeirra af samkomubanni og breytingum á starfsháttum vegna þess. Eftir samræður við sviðsforseta á Menntavísindasviði og forstöðumann Menntavísindastofnunar var ákveðið að leggja könnunina fyrir alla stúdenta í Háskóla Íslands (HÍ), og þá í samstarfi við Kennslusvið HÍ. Könnunin var unnin af rannsakendum, það er Amalíu og Þuríði, og góð ráð og ábendingar komu frá kennsluþróunarstjórum sviða HÍ en Menntavísindastofnun sá um útsendingu og uppsetningu spurninga.

Menntavísindastofnun sá um framkvæmdina en kennslusvið lagði áherslu á að könnunin yrði ekki send út fyrr en eftir lokapróf í maí og var hún send í tölvupósti til stúdenta 7. maí. Sama dag sendu rannsakendur tölvupóst til Stúdentaráðs þar sem óskað var eftir að könnunin væri kynnt og hvatt til þátttöku. Auk þess var sent bréf til formanns kennslumálanefndar stúdentaráðs viku síðar. Ekkert svar barst við þessum tölvupóstsendingum. Sama dag skrifuðu rannsakendur einnig sviðsstjóra kennslusviðs og óskuðu eftir að kennslusvið kynnti málið fyrir stúdentum og barst svar þar sem kom fram að reynt yrði að ná í fulltrúa stúdenta. Rannsakendur tóku einnig upp stutt kynningarmyndband og höfðu samband við kennsluþróunarstjóra sviðanna til að biðja þá að nota tengingar sínar til að hvetja til þátttöku. Á einhverjum tímapunkti var könnunin þýdd yfir á ensku af starfsmönnum Menntavísindastofnunar, í fyrstu án allrar aðkomu og vitneskju rannsakennda en þeir fengu þó að fara yfir þýðinguna þegar þeir fréttu af henni.

Þar sem svörun var slök og erfitt að kynna könnunina, t.d. á Facebooksíðum með því að biðja fólk að fara í tölvupóst og finna þar skeyti um hana, stungu rannsakendur upp á því við Menntavísindastofnun 11. maí að búa til krækju sem mætti dreifa t.d. á slíkum síðum. Það var samþykkt með þeim skilyrðum að þátttakendur yrðu að slá inn HÍ-tölvupóstfang sitt þannig að hægt væri að senda þeim upplýsingar um hvernig farið væri með gögnin og hvernig mætti draga sig út úr rannsókninni. Um 70% af þeim svörum sem bárust komu í gegnum þessa krækju.

Rannsakendur sendu krækjuna einnig til formanna allra nemendafélaga og kennsluþróunarstjóra sviðanna og báðu þá að nota þær leiðir sem væru þeim færar til að kynna könnunina. Þann 13. maí sendu rannsakendur bréf á sviðsstjóra kennslusviðs og báðu um aðstoð við að kynna þessa krækju fyrir stúdentum og var sendur tölvupóstur frá kennslusviði til stúdenta og þeir hvattir til þátttöku. Í júní var síðan unnið að því á vegum Menntavísindastofnunar að auka svarhlutfall. Stúdentar sem voru þar í sumarvinnu hringdu út og hvöttu til þátttöku. Rannsakendur fengu gögnin frá Menntavísindastofnun afhent þann 11. ágúst.

Undirritaðar þakka Menntavísindastofnun, kennslusviði, kennsluþróunarstjórum og formönnum nemendafélaga fyrir samstarfið og aðstoð við framkvæmd könnunarinnar.

Amalía Björnsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir

Helstu niðurstöður¹

Vegna útbreiðslu COVID-19 á vormisseri 2020 var byggingum HÍ lokað í mars í kjölfar samkomubanns. Kennsla og námsmat var fært yfir á netið og þurftu kennarar og nemendur án nokkurs fyrirvara að tileinka sér breyttar aðferðir við nám og kennslu. Til að kanna viðhorf til breytinganna var lögð könnun fyrir stúdenta á öllum sviðum HÍ í maí og júní. Þátttaka var hlutfallslega lítil, eða rúmlega 1500 af 13.333 stúdentum sem skráðir voru til náms í febrúar 2020.

Aðeins 19% stúdenta voru í fjarnámi á vormisseri og því ljóst að meirihluti var að glíma við nýjar aðstæður í námi. Þátttakendur dreifðust á öll fræðasviðin fimm og voru 67% þeirra í grunnnámi en 25% í meistaranámi, sem endurspeglar nokkurn veginn skiptingu stúdenta á námsstig. Í umfjöllun eru fræðasvið skammstöfuð. Félagsvísindasvið er skammstafað FÉL, Heilbrigðisvísindasvið HVS, Hugvísindasvið HUG, Menntavísindasvið MVS og Verkfræði og náttúruvísindasvið VON. Skammstöfunin PFF er notuð fyrir þverfræðilegt framhaldsnám.

Aðstæður stúdenta skipta miklu máli við svona miklar breytingar á tilhögun náms og kennslu. Rúmlega fimmtungur svarenda hafði tekið námslán en 70% unnu með náminu, fimmtungur vann meira en 30 klst. á viku og 38% unnu 20 klst. eða minna. Þriðjungur stúdenta er með börn á heimilinu. 30% höfðu áhyggjur af fjárhagslegri getu til að stunda nám og 43% segja þær áhyggjur hafa aukist frekar eða mjög mikið vegna COVID-19. Fáir þátttakendur, eða 5%, telja að heimsfaraldurinn muni leiða til þess að þeir hætti í námi en 20% telja að sér muni seinka.

Viðbrögð háskólans

Rúmlega 43% svarenda finnst að háskólinn hafi brugðist mjög vel við breyttum aðstæðum og öðrum 46% að hann hafi brugðist frekar vel við. Í athugasemdum kemur þó ýmislegt fram sem bendir til þess að reynslan hafi verið misjöfn. „Það er virkilega gaman að sjá hvað allir innan háskólans hafa unnið vel að því að halda starfseminni gangandi í þessum krefjandi aðstæðum,“ bendir einn þátttakandi á meðan annar segir skólann í heild hafa staðið sig en kennarar séu misjafnir. Margir hrósuðu póstum frá rektor og sögðu þá hafa verið hvetjandi og styðjandi. „Rektor stóð sig sérstaklega vel og einstaklega gott að fá pósta frá honum og áminningu um slagorðið saman vinnum við sigra.“

Margir kvarta yfir skorti á samræmingu milli námskeiða og finnst það hafa farið eftir því hversu heppnir þeir voru með kennara hvernig námið gekk. Kvartað var yfir því að skilaboð frá háskólanum um sveigjanleika og að tekið skyldi tillit til aðstæðna stúdenta hefðu skilað sér misjafnlega. Það virtist hafa verið sett í hendur einstakra kennara eða deilda hvernig útfærslan var og kennarar virðast hafa „háttað málum eins og þeim sýndist og breytt verklag og stefna háskólans í faraldrinum því fótum troðin“ og jafnvel talað um geðþóttaákvörðanir hverrar deildar.

Einnig voru nefnd dæmi um að kennarar hefðu notað tæknina vel og óskað var eftir að þær breytingar sem urðu á kennsluháttum við lokun háskólans giltu áfram. Einn þátttakandi orðaði það svo: „vonandi verður þetta til þess að betri samþætting á rafrænu formi og face-to-face formi geti orðið til“.

Mat stúdenta á nýtingu tækni

29% þátttakenda voru mjög sátt og 47% voru frekar sátt við þá tækni sem notuð var þegar nám og kennsla færðust á netið. Hjá 36% svarenda voru fjarfundir, þ.e. kennsla og umræður á neti, notaðir í

¹ Helstu niðurstöður hafa verið birtar í Tímariti Kennslumiðstöðvar HÍ 2020 undir heitinu *Viðhorf stúdenta til breytinga á námi og kennslu í HÍ vegna lokunar bygginga á vormisseri 2020*.

flestum eða öllum námskeiðum og sögðu 23% þeirra þessa lausn hafa reynst mjög vel og 48% frekar vel. Fáir höfðu haft reynslu af þeim áður, eða aðeins 15% stúdenta, en þó 35% á MVS. 35% höfðu haft aðgang að upptökum frá kennurum í flestum eða öllum námskeiðum. Ánægja með upptökur var meiri en með fjarfundi, 35% sögðu þær hafa reynst mjög vel og 46% frekar vel. 57% þeirra sem nýttu upptök höfðu haft reynslu af þeim áður, hlutfallslega flestir, 87%, á MVS. Hjá 24% þátttakenda var kennslustund í rauntíma á neti notuð í flestum eða öllum námskeiðum og töldu 24% þeirra rauntímakennsluna hafa heppnast mjög vel og 40% frekar vel. Bent var á að það skipti máli „að kennarar haldi tíma í gegnum þjónustur líkt og Zoom á settum tíma í stundatöflu svo nemendur geti haldið rúttinu“. Aðeins 15% þátttakenda höfðu kynnst rauntímakennslu á neti áður, hlutfallslega flestir, 33%, á MVS.

Athugasemdir um viðbrögð kennara

Stúdentum fannst „almennt aðdáunarvert hvernig kennarar komu að þessari snöggu yfirfærslu yfir í fjarnám. Stúdentar virðast hafa gert sér vel grein fyrir þeim áskorunum sem kennarar stóðu frammi fyrir. Þeir kunnu að meta þegar tölvupóstur var svarað fljótt og vel, þegar kennarar „hvöttu þá til dádá og voru með flotta tíma, jafnvel betri en í háskólabyggingunum“. Eftirfarandi athugasemd er athyglisverð:

Kennarinn hafði nú fyrir fram ekki verið jákvæður í garð fjarkennslu en þegar á hólminn kom var hann til fyrirmyndar, tók upp góða fyrirlestra sem nemendur gátu hlustað á og hafði svo umræður í fjarfundi. Raunar held ég að ég hafi grætt meira á þessari nálgun en því fyrirkomulagi sem var í fyrirlestratímum sem voru búnir áður en samkomubannið tók gildi.

Stúdentar kvarta líka yfir því hvað kennarar tóku rosalega misjafnlega á málunum, sumir voru með Zoom fundi í stað kennslu en aðrir ekki neitt eða „bara tölvupósta með breytingum á verkefnum og kannski glærur án nokkurra skýringa eða tals“. Fram kom „að kennarar hafi hætt kennslu og öllum samskiptum við nemendur [...] virtust hverfa og erfitt að ná sambandi við þá til að fá aðstoð við námið.“ Sumir segja að um enga fjarkennslu hafi verið að ræða og við hafi tekið „einmanalegt sjálfsnám“ þar sem lítið var í boði nema fyrirlestrar á neti sem „voru óhóflega langir“ og ekkert samtal eða spjallfundir heldur hafi átt að senda kennara tölvupóst með einstökum spurningum. Aftur skín þó í gegn skilningur á stöðunni þar sem stúdent segir að í sinni deild sé „lítil þekking og reynsla kennara af að skipuleggja nám á neti“.

Nokkrir nefndu að „COVID hafi sýnt fram á hversu mikilvægt það er að kennsluhættir séu nútímavæddir“. „Fyrirlestrar ættu að hafa verið settir á Uglu á myndbandsformi fyrir löngu síðan. Það átti ekki að þurfa heimsfaraldur til að koma því í gegn.“

Breytingar á námsmati

29% þátttakenda voru mjög sátt við breytingar á námsmati. Hjá 24% þátttakenda var dregið úr námsefni í sumum námskeiðum og 41% svarenda sagði að aukinn sveigjanleiki hefði verið í skilum á verkefnum í flestum eða öllum námskeiðum. Hjá 9% þátttakenda hafði verkefni komið í stað lokaprófs og hjá 20% höfðu verkefni eða próf verið felld niður. Staðið/fallið í stað einkunnar var notað hjá fimmtungi stúdenta. Um 47% þátttakenda sögðu rafrænt próf með tímamörkum hafa verið notað, 19% heimapróf með rýmri tímamörkum, 5% munnlegt próf á netinu og 21% nemendakynningar á netinu í að minnsta kosti sumum námskeiðum. 30% stúdenta höfðu mjög góða reynslu af rafrænum prófum með tímamörkum, 43% af heimaprófum, 34% af munnlegum prófum og 19% af nemendakynningum. Kvartað var yfir að prófin hefðu verið allt of löng og jafnvel „töluvert þyngri en próf í háskólanum, kröfurnar miklu meiri og ómögulegt var að leysa prófin á 3 klst. eins og lagt var upp með“.

Aðstæður stúdenta


Stúdentum sem voru með börn fannst að oft hefði ekki verið tekið nægilegt tillit til aðstæðna þeirra. Aukið álag hafi verið á þeim, m.a. vegna skerts opnunartíma skóla. Það hafi verið erfitt að mæta í kennslustund á neti eftir stundatöflu með börn heima. Fyrir þennan hóp er mikilvægt að upptökur séu gerðar af fyrirlestrum og netfundum þannig að hlusta megi á þá seinna þegar næði gefst. Kennurum er líka hrósað fyrir að taka tillit til aðstæðna nema. „Ég var mjög ánægð með viðbrögð kennara og fékk hvatningu en ég hafði ekki möguleika á að klára önnina vegna of mikils álags í vinnu og á heimilinu þar sem ég er með tvo unglunga með fötlun og þurftu þeir að vera heima frá skóla.“

Þrátt fyrir misjafna reynslu af breyttum kennsluháttum sagði fjórðungur staðnema að þeir væru miklu eða frekar líklegri til að velja fjarnám eftir hafa prófað það. Það er samt gríðarlega mikilvægt að setja skýran ramma um kennsluhætti innan deilda. „Geðþóttaákvörðanir eru ekki æskilegar og þarf að vera skýr rammi og kröfur á nemendur og kennara í svona ástandi.“

Niðurstöður

Þátttakendur

Þátttaka í könnuninni var dræm, aðeins 1509 stúdentar tóku þátt af 13.333 sem skráðir voru í nám í HÍ í febrúar 2020. Í þessari skýrslu verða svör þátttakenda skoðuð eftir fræðasviðum en í umfjöllun um niðurstöður er víðast hvar sleppt að fjalla um svör stúdenta í þverfræðilegu framhaldsnámi þar sem þeir voru aðeins 20. Yfirlit um fjölda og hlutfall eftir fræðasviðum má sjá á mynd 1, en flestir þátttakendur voru á MVS, eða 412 stúdentar.



Mynd 1. Fjöldi þátttakenda eftir fræðasviðum.

Bakgrunnur

Í töflu 1 má sjá upplýsingar um aldur og kyn stúdenta sem þátt tóku eftir fræðasviðum.

Tafla 1. Aldur og kyn þátttakenda eftir fræðasviðum.

	FVS		HVS		HUG		MVS		VON		ÞFF		Allir	
	%	N	%	N	%	N	%	N	%	N	%	N	%	N
Kyn														
Karl	24	88	16	54	27	41	16	65	50	109	30	6	24	363
Kona	76	282	84	279	70	106	84	346	50	108	70	14	76	1135
Annað	0	1	0	0	3	4	0	0	0	0	0	0	0	5
Aldur														
25 ára eða yngri	43	158	58	193	33	50	30	121	67	146	15	3	45	671
26-30 ára	25	93	23	78	20	30	22	90	19	42	50	10	23	343
31-35 ára	9	33	9	30	10	16	14	56	7	15	10	2	10	152
36-40 ára	6	24	3	11	12	18	12	51	3	7	5	1	7	112
41 árs eða eldri	17	62	7	22	25	39	22	91	3	7	20	4	15	225

Konur voru 76% þátttakenda og voru þær í meirihluta á öllum fræðasviðum nema hlutfallið var jafnt á VON. Um 45% þátttakenda voru 25 ára og yngri en 22% 36 ára eða eldri. Mikill munur var á aldursdreifingu eftir sviðum, þannig voru 67% á VON 25 ára og yngri en aðeins þriðjungur á HUG og 30% á MVS. Aðeins 6% stúdenta á VON og 10% á HVS voru 36 ára eða eldri en 35% á MVS og 37% stúdenta á HUG.

Tafla 2. Hjúskaparstaða og fjöldi barna í umsjón þátttakenda.

	FVS		HVS		HUG		MVS		VON		PFF		Allir	
	%	N	%	N	%	N	%	N	%	N	%	N	%	N
Hjúskaparstaða														
Einhleyp(ur)	30	112	35	115	46	71	24	98	52	112	30	6	34	514
Sambúð/hjónaband	59	217	56	183	43	66	66	270	36	77	60	12	55	825
Einstætt foreldri	6	23	3	9	6	9	5	22	3	6	5	1	5	70
Annað	5	17	7	22	5	7	5	20	9	20	5	1	6	87
Fjöldi barna														
Ekkert barn	63	234	75	249	71	109	51	210	88	189	65	13	67	1004
1 barn	17	62	14	47	14	22	19	76	7	16	10	2	15	225
2 börn	14	52	9	29	9	14	20	84	3	7	15	3	13	189
3 börn	4	13	2	5	5	7	8	34	2	4	10	2	4	65
4 börn eða fleiri	2	8	0	0	1	1	1	6	0	0	0	0	1	15
Í fæðingarorlofi	3	10	1	4	2	3	4	16	>1	1	5	1	2	35

Um þriðjungur stúdenta var einhleypur en 55% í sambúð. Á VON voru 52% einhleyp og 46% á HUG en aðeins 24% á MVS. 66% stúdenta á MVS voru í sambúð eða hjónabandi en aðeins 36% á VON. Tveir þriðju þátttakenda voru barnlausir og er hlutfallið hæst á VON, 88%, en lægst á MVS, 51%. Tæp 30% nema á MVS voru með tvö börn eða fleiri á heimilinu. Um 2% þátttakenda voru í fæðingarorlofi þegar spurningakönnunin var lögð fyrir. Hæst var hlutfallið 4% á MVS en innan við 1% stúdenta á VON var í fæðingarorlofi.

Tafla 3. Menntun foreldra stúdenta og móðurmál.

	FVS		HVS		HUG		MVS		VON		Allir	
	%	N	%	N	%	N	%	N	%	N	%	N
Hæsta prófgráða móður/mæðra												
Háskólapróf	49	176	53	169	52	77	32	129	60	125	47	684
Stúdentspróf	13	48	18	59	11	16	16	64	17	35	15	225
Iðnmenntun/starfsnám	17	63	13	43	16	23	24	97	11	23	17	251
Grunnskólapróf	21	75	15	49	22	32	29	116	12	26	21	304
Hæsta prófgráða föður/feðra												
Háskólapróf	38	136	40	127	47	70	26	103	52	108	38	551
Stúdentspróf	12	43	15	48	9	14	12	47	15	30	13	184
Iðnmenntun/ Starfsnám	35	125	32	102	30	44	44	173	22	46	35	500
Grunnskólapróf	14	51	12	38	14	20	19	74	11	22	14	205
Íslenska móðurmál stúdents												
Íslenska móðurmál foreldra	98	359	96	310	91	139	95	386	96	206	96	1419
Já, beggja	93	342	92	299	87	133	91	372	91	195	92	1360
Já, annars	4	16	5	15	5	8	4	16	4	9	4	64

Nærri helmingur stúdenta, eða 47%, á móður með háskólamenntun, hlutfallið var hæst á VON, 60%, en lægst 32% á MVS. 21% allra þátttakenda á móður með grunnskólapróf eða sambærilegt og engar frekari prófgráður, flestir á MVS, 29%, en fæstir á VON, 12%, og HVS, 15%. Af öllum svarendum eiga 38% föður með háskólamenntun, hæst var hlutfallið á VON, 52%, en lægst 26% á MVS. Um 14% þátttakenda eiga föður með enngar frekari prófgráður en grunnskólapróf og er hlutfallið 19% á MVS, þar sem það er hæst, en lægst á VON, 11%.


Nánast allir þátttakendur, eða 96%, eiga íslensku að móðurmáli og 91% segir íslensku vera móðurmál beggja foreldra. Lægsta hlutfallið er á HUG, en þar á 91% þátttakenda íslensku að móðurmáli og íslenska er móðurmál beggja foreldra hjá 87% stúdenta á HUG.

Námsstig, námsform og einingafjöldi

Tafla 4. Námsstig, námsform og einingar.

	FVS		HVS		HUG		MVS		VON		Allir	
	%	N	%	N	%	N	%	N	%	N	%	N
Námsstig												
Bakalárnám	60	221	71	236	70	106	61	251	8	179	67	997
Diplómunám	7	25	2	6	1	2	5	21	1	2	4	60
Meistaránám	31	113	21	68	21	32	30	123	1	27	25	374
Doktorsnám	3	11	6	21	8	12	3	14	4	8	4	67
Fjöldi eininga sem er lokið												
≤60 einingar	39	145	41	134	39	59	43	177	41	89	41	615
61-120 einingar	38	142	29	96	37	56	39	159	30	65	35	525
> 120 einingar	22	82	30	98	25	38	17	71	29	62	24	353
Fjöldi eininga sem stúdent er skráður í												
10 eða færri	10	34	4	13	13	20	6	25	3	7	7	103
11-20 einingar	12	42	5	17	21	32	16	65	9	18	12	179
21-30 einingar	56	200	65	206	53	79	67	271	67	140	62	905
>30 einingar	23	81	25	80	13	19	11	44	21	45	18	269
Námsform												
Staðnám	80	290	92	295	80	121	43	176	96	204	74	1097
Fjarnám	15	54	4	13	11	17	45	186	1	2	19	277
Hvort tveggja	5	19	3	11	9	13	11	47	3	7	7	100


Af þeim sem tóku þátt voru 67% í bakalárnámi en 25% í meistaránámi. Hlutfall meistaránema er hæst á MVS, 30%, en lægst 13% á VON. 41% þátttakenda hafði lokið 60 einingum eða minna þegar könnunin var lögð fyrir. Um 62% voru skráð í 21–30 einingar og 81% ætlaði að taka 21 einingu eða meira á vormisseri 2020. Nokkuð misjafnt er eftir sviðum hvort stúdentar eru í fullu námi. Þannig ætluðu 66% stúdenta á HUG að taka 21 einingu eða meira en 90% stúdenta á HVS. Um 19% stúdenta voru í fjarnámi, hlutfallslega flestir, 46%, á MVS og fæstir, eða innan við 1%, á VON.



Mynd 2. Eftir reynslu af fjarnámi, ertu líklegri til að velja slíkt nám?


Þeir stúdentar sem höfðu verið í staðnámi voru spurðir hvort þeir væru líklegri eða ólíklegri til að velja fjarnám eftir reynsluna í samkomubanni. 26% sögðust vera miklu eða frekar líklegri til þess, á þann veg svöruðu 33% á FÉL en 18% á MVS.

Námslán, vinna með námi og fjárhagsáhyggjur




Mynd 3. Hlutfall stúdenta sem vinna með námi eða taka námslán.

Ríflega fimmtungur þátttakenda sagðist taka námslán. Hlutfallið var hæst, 28%, á HVS en lægst á HUG, 16%, og MVS, 17%. Sjö af hverjum tíu stúdentum sögðust vinna með námi og var hlutfallið hæst á MVS, 81%, en lægst á VON, 56%.




Mynd 4. Tímar á viku í launuðu starfi fyrir samkomubann.

Á mynd 4 sést að 38% stúdenta sem voru í launuðu starfi unnu 20 klst. eða minna á viku og á það við um 49% stúdenta á HVS en 27% á MVS. Þeir sem unnu fulla vinnu eða nánast fulla vinnu, þ.e. 31 klst. eða meira á viku eru 21% af öllum svarendum. Á MVS voru 36% að vinna þetta mikið en aðeins 7% á VON.




Mynd 5. Tímar á viku í launuðu starfi eftir samkomubann

Ef bornar eru saman myndir 4 og 5 sést að eftir að samkomubann var sett á dróst vinnutími saman og þá unnu 16% af öllum þátttakendum fulla eða nánast fulla vinnu, þ.e. 31 klst. eða meira á viku, og sá hópur sem vann 10 klst. eða minna á viku stækkaði úr 18% þátttakenda í 29%. Á öllum sviðum skólans nema HVS fækkaði í þeim hópi sem vann yfir 20 klst. á viku. Þannig unnu 39% á MVS þetta mikið en 54% höfðu unnið svo mikið fyrir samkomubannið.



Mynd 6. Þörf á stuðningi frá vinnustað vegna námsins á meðan á samkomubanni stóð.


Af þeim sem unnu sögðust 24% hafa þurft mjög eða frekar mikinn stuðning frá vinnustað til að geta sinnt náminu, 28% á FÉL en 17% á HUG.



Mynd 7. Hversu miklu máli stuðningur frá vinnustað skipti til að geta haldið áfram námi við þessar breyttu aðstæður.


Fyrir 39% stúdenta sem unnu með námi skipti mjög eða frekar miklu máli að fá stuðning frá vinnustað til að geta haldið áfram námi við þessar breyttu aðstæður. Hlutfallslega flestir, 46%, voru á þeirri

skoðun á MVS en fæstir, 27%, á VON.



Mynd 8. Áhyggjur af fjárhagslegri getu til að stunda nám.


Um 30% þátttakenda höfðu áhyggjur af fjárhagslegri getu til að stunda nám. Innan við fjórðungur stúdenta á HUG hafði slíkar áhyggjur en 36% stúdenta á FÉL.



Mynd 9. Hafa fjárhagsáhyggjur aukist eða minnkað vegna COVID-19?


43% stúdenta sögðu fjárhagsáhyggjur hafa aukist mjög eða frekar mikið vegna COVID-19 og á það við um 50% stúdenta á FÉL, þar sem hlutfallið var hæst, en 34% á MVS, þar sem það var lægst.

Áhrif COVID-19 á námsframvindu



Mynd 10. Hversu líklegt er að stúdent hætti námi vegna COVID-19?


Fáir, eða 5% af öllum þátttakendum, töldu að COVID-19 yrði til að þeir hættu námi. Það átti við um 7% stúdenta á FÉL, þar sem hlutfallið var hæst, en 3% á HVS, þar sem það var lægst.



Mynd 11. Hversu líklegt er að stúdent seinki í námi vegna COVID-19?

Um fimmtungur taldi að breyttar aðstæður gætu leitt til seinkunar á námi. Það átti við um 29% á HUG en aðeins 15% á MVS.

Viðbrögð kennara og annarra innan háskólans við samkomubanni og breyttum starfsháttum



Mynd 12. Ánægja almennt með viðbrögð kennara í þeim námskeiðum sem stúdentar voru skráðir í meðan á samkomubanni stóð.

Af öllum þátttakendum þá voru 32% mjög ánægð með viðbrögð kennara og 43% frekar ánægð. Á MVS og HUG voru 42% mjög ánægð en 21% á HVS. Á tveimur sviðum, FÉL og HVS, voru yfir 10% frekar eða mjög óánægð með viðbrögð kennara en hlutfall óánægðra var lægst á MVS, 6%.


Stúdentum var boðið að gera athugasemdir varðandi ánægju eða óánægju með viðbrögð háskólans og kennara sinna við skólalokun. Flest svör komu við spurningu um viðbrögð kennara og snerust flestar athugasemdir um ýmist ánægju með viðbrögð þeirra eða óánægju með hversu misjöfn viðbrögð kennara reyndust. Nokkuð margar athugasemdir snerust um námsmat og prófafyrirkomulag og fjölmargar athugasemdir komu fram um aðstæður stúdenta til náms á meðan skólahúsnæði var lokað. Minnt var á mikilvægi þess að tekið væri tillit til mismunandi aðstæðna stúdenta í viðbrögðum háskólans. Þá voru opnar spurningar um ánægju með viðbrögð annarra innan háskólans, svo sem leiðbeinenda í lokaverkefnum, kennsluskrifstofu eða skrifstofu sviðs/deildar/námsbrautar, og námsbrautarformanna og deildarforseta.

Allar athugasemdir sem komu fram í opnum spurningum eru birtar í viðauka aftan við þessa skýrslu í sérstökum kafla fyrir hvert svið þar sem svör stúdenta eru flokkuð.

Ánægja með viðbrögð ýmissa aðila innan háskólasamfélagsins

Leiðbeinendur í lokaverkefnum


Alls höfðu 257 þátttakendur leitað til leiðbeinanda sín vegna lokaverkefnis. Flestir voru þeir á HVS, 70, en færstir á VON, 24. Þeir voru spurðir um ánægju sína með viðbrögð leiðbeinanda og má sjá niðurstöður á mynd 13.



Mynd 13. Ánægja með viðbrögð leiðbeinanda í lokaverkefni.

Yfir 62% þeirra sem leituðu til leiðbeinanda síns voru mjög ánægð með viðbrögð viðkomandi og 23% frekar ánægð. Á öllum sviðum var mikill meirihluti stúdenta sem leitað höfðu til leiðbeinanda síns ánægður með viðbrögð. Svör við opnum spurningum um þetta eru birt í viðauka ásamt öðrum opnum spurningum.

Skrifstofa sviðs, deildar eða námsbrautar



Mynd 14. Ánægja með viðbrögð skrifstofu sviðs, deildar eða námsbrautar.

Aðeins 141 sagðist hafa leitað til kennsluskrifstofu/skrifstofu sviðs, deildar eða námsbrautar. Á FÉL höfðu 44 leitað til skrifstofu en 20 eða færri á HUG, MVS og VON. Í heildina voru 39% mjög ánægð með viðbrögð þeirra aðila, hlutfallslega fæstir á MVS, 20%, en flestir, 43%, á FÉL og HVS. Svör við opnum spurningum um þetta eru birt í viðauka ásamt öðrum opnum spurningum.

Upplýsingatæknisvið/tölvuþjónusta

Aðeins 35 höfðu leitað til upplýsingatæknisviðs og voru 57% mjög ánægð með viðbrögð, 31% frekar ánægð en 11% hvorki ánægð né óánægð. Í opnum athugasemdum var sagt að upplýsingatæknisvið hefði alltaf verið tilbúið til að þjónusta og hefði staðið sig í samræmi við væntingar.


Þjónusta náms- og starfsráðgjafar

Til náms- og starfsráðgjafar sögðust 118 hafa leitað og var mikill meirihluti ánægður með þjónustu þeirra, 53% mjög ánægð, 29% frekar ánægð. Óánægja var lítil, aðeins einn sagðist frekar óánægður og annar sagðist vera mjög óánægður. Athugasemdir um þjónustuna voru jákvæðar fyrir utan það að einn stúdent kvartaði yfir því að löngu og ítarlegu bréfi hefði ekki verið svarað.

Námsbrautarstjóri eða deildarforseti

98 þátttakendur höfðu leitað til námsbrautarstjóra eða deildarforseta í samkomubanni. Um helmingur, 48%, var mjög ánægður með viðbrögð þessara aðila og 26% voru frekar ánægð. Mest var ánægjan á VON, þar voru 94% frekar eða mjög ánægð, en minnst á FÉL þar sem 59% voru mjög eða frekar ánægð. Fáeinir gerðu athugasemdir í opnum spurningum og eru þær birtar í viðauka ásamt svörum við öðrum opnum spurningum.


Lausnir í kennslu á neti



Mynd 15. Hversu sáttir stúdentar voru almennt við þær rafrænu lausnir sem notaðar voru í samkomubanni.


29% stúdenta voru mjög sátt við þær rafrænu lausnir sem notaðar voru eftir að samkomubann var sett á. Hæst var hlutfallið á MVS, 39%, en lægst á VON, 19%. Um 5% stúdenta voru frekar eða mjög ósátt við þær rafrænu lausnir sem notaðar voru eftir að samkomubann var sett á.

Fjarfundir og umræður á netinu



Mynd 16. Fjarfundir, umræður eða aðstoð, t.d. í Zoom, Teams, Skype eða Canvas.

Hjá 36% af öllum þátttakendum voru fjarfundir/umræður á neti notaðar í flestum eða öllum námskeiðum. Þetta átti við um 46% stúdenta á VON en aðeins 29% á HVS. Um fjórðungur sagði slíka fundi eða umræður hafa verið notaðar í sumum námskeiðum. Segja má að notkun slíkra funda/umræðna hafi verið mest á VON og MVS en minnst á HUG og HVS.




Mynd 17. Reynsla af fjarfundum á netinu.

Hjá 23% þeirra sem prófuðu fjarfundi á netinu var reynslan góð, mest var ánægjan á MVS, þar sem 29% voru ánægð, en hlutfallslega fæstir voru ánægðir á VON, 14%. Meirihluti þátttakenda á öllum sviðum var þó mjög eða frekar ánægður með þessa lausn.


Af þeim sem tóku þátt í fjarfundum í samkomubanninu var talsverður munur eftir sviðum á því hvort þeir höfðu áður nýtt slíkt. Af öllum þátttakendum sögðu 15% fjarfundi hafa verið notaðar áður í námi þeirra og þar skar MVS sig úr, 35% þeirra þátttakenda sögðust áður hafa notað slíka fundi, en aðeins 2% á HUG höfðu kynnst fjarfundum áður.

Upptökur kennara, t.d. Panopto, Zoom eða Teams



Mynd 18. Notkun á upptökum kennara.

Alls 35% höfðu nýtt sér upptökur kennara í flestum eða öllum námskeiðum á meðan á samkomubanni stóð. Þetta átti við um 40% stúdenta á MVS en 29% á HUG og HVS. Um helmingur þátttakenda á HUG segir að upptökur hafi verið notaðar í flestum eða sumum námskeiðum en þar virðist notkun hafa verið minnst. 70% á VON segja upptökur hafa verið notaðar í flestum eða sumum námskeiðum.




Mynd 19. Hvernig upptökur kennara reyndust, t.d. í Panopto, Zoom eða Teams.

Ánægja með upptökur var meiri en með fjarfundi en 35% sögðu þær hafa reynst mjög vel. Mest var ánægjan á HUG, 41%, en minnst á VON, 23%. Mjög mismunandi var eftir sviðum hvort upptökur


höfðu áður verið notaðar, en 57% allra sögðu þær hafa verið notaðar áður. Hæst var hlutfallið á MVS, 87%, en lægst, í kringum 39%, á HUG og VON.

Fyrirlestrar eða kennslustundir í rauntíma



Mynd 20. Kennslustund eða útsending í rauntíma.

Hjá 24% þátttakenda var kennslustund í rauntíma á neti notuð í flestum eða öllum námskeiðum. Þetta var mest notað á VON, 35%, en minnst á HVS, 10%. Minnst virðist hafa verið um slíka rauntímakennslu á HVS, en þar sögðu aðeins 25% þetta hafa verið notað í flestum eða sumum námskeiðum í samanburði við t.d. 66% á VON.




Mynd 21. Hvernig kennslustundir í rauntíma voru taldar hafa heppnast.

Rauntímakennsla á netinu var talin hafa heppnast mjög vel hjá 24% þátttakenda og 40% töldu hana hafa heppnast frekar vel. Mest var ánægjan á FÉL, þar töldu 27% hana hafa heppnast mjög vel. Lægst var þetta hlutfall 16% á HVS.


Um 15% þátttakenda höfðu kynnst rauntímakennslu á neti fyrir samkomubann og átti það við um 33% stúdenta á MVS en aðeins 4% á HUG og VON.

Umræðuþræðir á netinu



Mynd 22. Umræðuþræðir á neti.


Umræður á neti voru nýttar í flestum eða sumum námskeiðum hjá 35% þátttakenda. Þar af voru þær nýttar hjá 18% þátttakenda í flestum eða öllum námskeiðum. Mest var um að þær væru nýttar í flestum eða öllum námskeiðum á MVS, 29%, en minnst á HVS, 7%.



Mynd 23. Hvernig umræðuþræðir á neti reyndust.

Reynslan af umræðuþráðum á netinu var mjög góð hjá 16% stúdenta. Á MVS sögðu 19% þá hafa reynst mjög vel en aðeins 7% á HUG. 69% höfðu reynslu af umræðuþráðum á neti áður en kennsla færðist yfir á netið, eða 88% á MVS en aðeins 39% á HUG.


Breytingar á námsmati og kröfum



Mynd 24. Hversu sáttir stúdentar voru almennt við þær breytingar á námsmati sem voru gerðar eftir að samkomubann var sett á.

30% þátttakenda voru mjög sátt við breytingar á námsmati, hlutfallslega flestir á MVS, 38%, en færstir, 23%, á HVS. Almennt má segja að ánægja með breytingar á námsmati sé mest á VON, þar sem 78% voru mjög eða frekar ánægð með breytingarnar, og á MVS, þar sem 74% voru sama sinnis.


Dregið úr námsefni



Mynd 25. Dregið var úr námsefni, t.d. lesefni.

Hjá 24% þátttakenda var í að minnsta kosti sumum námskeiðum dregið úr námsefni. Það átti við um 35% þátttakenda á MVS og 27% á VON, þar sem þetta var algengast, en aðeins 18% á HVS, þar sem minnst var um þetta.


Aukinn sveigjanleiki



Mynd 26. Aukinn sveigjanleiki á verkefnum/prófum.

Aukinn sveigjanleiki í skilum á verkefnum var algengur og sagði 41% þátttakenda það hafa verið í flestum eða öllum námskeiðum sem þeir tóku. Hæst var hlutfallið á MVS, 55%, en lægst á HVS, 28%.


Verkefni eða próf felld niður



Mynd 27. Verkefni eða próf felld niður.

Hjá 20% voru í að minnsta kosti sumum námskeiðum felld niður verkefni eða próf. Þetta var algengast á VON, en hjá 31% þátttakenda þar voru felld niður verkefni eða próf í að minnsta kosti sumum námskeiðum. Sjaldgæfast var þetta á FÉL, 10%.


Lokaprófum breytt í verkefni



Mynd 28. Lokaprófi breytt í verkefni.

Hjá 9% þátttakenda höfðu lokapróf verið felld niður og sett inn verkefni í staðinn í að minnsta kosti sumum námskeiðum. Þetta var t.d. gert hjá 13% á MVS og VON en 5% á HVS.

Lokaeinkunn breytt í staðið/fallið




Mynd 29. Lokaeinkunn breytt í staðið/fallið.

Hjá 20% þátttakenda var í að minnsta kosti sumum námskeiðum notað staðið/fallið í stað einkunnar. Þetta var algengast á VON, 33%, en hjá um 11% á HUG og MVS.


Rafrænt námsmat

Rafrænt próf styttra en 5 klst.



Mynd 30. Rafrænt próf með tímatakmörkunum undir 5 klst.


Um 47% þátttakenda sögðu rafrænt próf með tímamörkum undir 5 klst. hafa verið notað að minnsta kosti í sumum námskeiðum. Mest var um slíkt á HVS, 62%, en minnst á HUG, 26%.



Mynd 31. Reynsla af rafrænum prófum undir 5 klst.


30% sögðust hafa mjög góða reynslu af rafrænum prófum með tímamörkum undir 5 klst. Um þriðjungur á HUG og MVS en 23% á VON segja reynsluna vera mjög góða. Af þeim sem tóku slíkt rafræn próf höfðu 54% kynnst þeim áður, flestir, eða 67%, á MVS en fæstir, 34%, á VON.

Heimapróf



Mynd 32. Heimapróf með rúmum tíma, t.d. einn dagur eða meira.


19% tóku heimapróf með rúmum tímamörkum í að minnsta kosti sumum námskeiðum. Fæstir voru á HVS, 10%, en flestir, 22%, á FÉL.



Mynd 33. Reynolds af heimaprófum með rúmum tímamörkum.

43% sögðu reynslu af heimaprófum mjög góða og það átti við um 56% á MVS og 27% á VON, þar sem hlutfallið var lægst. 55% þeirra sem tóku heimapróf höfðu fyrri reynslu af slíkum prófum og átti það við um 80% stúdenta á HVS og 22% á VON.


Munnlegt próf á netinu



Mynd 34. Munnlegt próf á netinu.


Aðeins 5% tóku munnleg próf í að minnsta kosti sumum námskeiðum, 7% á FÉL og 2% á HVS. Af þeim fáu sem tóku munnlegt próf á netinu sögðu 34% að þau hefðu reynst vel. Það sögðu 47% á HUG og 13% á HVS. Mjög lítið var um að munnleg próf á neti hefðu verið notuð fyrir samkomubann og könnuðust aðeins fjórir þátttakendur við það.

Skil á verkefnum á netinu



Mynd 35. Skil á verkefnum á netinu.


58% skiluðu rafrænum verkefnum í það minnsta í sumum námskeiðum. Þannig var hjá 67% á HUG og 44% á HVS.



Mynd 36. Reynsla af skilum á rafrænum verkefnum.


59% sögðu reynslu af rafrænum skilum á verkefnum vera mjög góða. Helmingur taldi svo vera á VON, þar sem fæstir svöruðu svo, og 65% á FÉL þar sem flestir töldu svo vera. 92% höfðu notað rafræn skil á verkefnum fyrir samkomubann og var hlutfallið yfir 90% á öllum sviðum nema HVS, þar sem það var 86%.

Nemendakynningar



Mynd 37. Nemendakynningar á netinu.


Um 21% þátttakenda sagði nemendakynningar hafa verið notaðar sem námsmat í flestum eða sumum námskeiðum sem þeir tóku. Mest var þetta notað á MVS, 30%, en minnst á VON, 17%.



Mynd 38. Reynolds af nemendakynningum á netinu.

Um 19% þeirra sem reyndu nemendakynningar á netinu sögðu reynsluna góða. Hæst var hlutfallið 24% á MVS en lægst 13% á HUG. Fáir stúdentar höfðu reynslu af nemendakynningum fyrir samkomubann, eða 13% þeirra sem sögðu þær hafa verið notaðar í samkomubanninu. Þó höfðu 24% á MVS kynnst slíku fyrir samkomubann en t.d. aðeins 3% á HVS.

Viðbrögð Háskóla Íslands almennt við breyttum aðstæðum vegna COVID-19



Mynd 39. Hversu vel eða illa háskólinn brást almennt við breyttum aðstæðum vegna COVID-19.

Almennt voru stúdentar á því að háskólinn hefði brugðist mjög vel við breyttum aðstæðum, en það töldu 43%. Hæst var hlutfallið á MVS, 49%, en lægst á HVS, 37%. Aðeins um 3% fannst HÍ hafa brugðist frekar eða mjög illa við.

Stúdentar áttu þess kost að svara opnum spurningum um annað sem þeir vildu koma á framfæri um viðbrögð skólans við lokun. Á öllum sviðum snerust flestar athugasemdir um að taka þyrfti í meiri mæli tillit til aðstæðna stúdenta en misjafnt var eftir sviðum hvort margar athugasemdir voru gerðar

um breytt fyrirkomulag prófa. Athugasemdir sem vörðuðu netfundi og upptökur voru einhverjar frá stúdendum á flestum sviðum. Athugasemdir eru birtar í viðauka fyrir hvert svið ásamt öðrum svörum við opnum spurningum.

Viðauki: Svör við opnum spurningum

Hér eru birt svör stúdenta við opnum spurningum á hverju fræðasviði HÍ. Flestar athugasemdir snerust um hvað stúdentum fannst um viðbrögð kennara og viðbrögð skólans almennt þegar háskólanum var lokað vegna samkomubannsins. Svörin við þessum spurningum voru flokkuð eftir efni athugasemda á hverju sviði og í kjölfarið eru svo svör stúdenta við opnum spurningum um nokkur atriðið sem spurt var um sérstaklega, þ.e. viðbrögð leiðbeinenda í lokaverkefnum, viðbrögð stjórnsýslueininga svo sem kennsluskrifstofu/skrifstofu sviðs/deildar/námsbrautar og viðbrögð námsbrautarformanna og/eða deildarforseta og svör sem snerust um viðbrögð rektors eru flokkuð þarna.

Félagsvísindasvið

Flestar athugasemdir snerust um reynslu af viðbrögðum kennara en næstum jafnmörg svör lýstu ánægju (31) og þau sem lýstu óánægju (32) vegna mismunandi viðbragða kennara og skorts á samræmingu. Í sautján svörum voru gerðar athugasemdir um námsmat og prófayfirkomulag og fjórtán lýstu aðstæðum stúdenta til náms í samkomubanninu. Þá voru nokkur svör um nýtingu tækni og breytingar á kennsluháttum til framtíðar og í lokin nokkur svör um annað.

Ánægja með viðbrögð kennara

1. Allir kennarar í félagsfræðináminu voru mjög hjálplegir og með góð samskipti og allir af vilja gerðir að mæta þörfum og gera sitt besta.
2. Allir kennarar sem ég var með í vor stóðu sig mjög vel. Mjög ánægður með þá alla.
3. Allir stóðu saman í að vinna á vandamálum sem mögulega gátu komið upp, erfitt að dæma hvað hefði mátt gera öðruvísi í dag
4. Almennt aðdáunarvert hvernig kennarar komu að þessari snöggu yfirfærslu yfir í fjarnám, vantaði stundum upp á fyrirsjáanleika í hvenær efni yrði nemendum aðgengilegt en það er erfitt að setja út á það m.h.a. aðstæðum.
5. Bara stóðu sig vel með fjarkennslu og voru sanngjörn. :)
6. Ég er í námi sem er kennt meira og minna í fjarnámi svo mín deild var mjög vel undirbúin.
7. Ég er mjög ánægð með það hvernig X hélt kennslu áfram í X og X í X. Það voru einu námskeiðin af 5 sem ég var í sem settu fyrirlestra á netið og reyndu að undirbúa okkur vel fyrir lokapróf.
8. Ég held að allir reyndu bara sitt besta.
9. Eins og viðbrögð skólans voru sett upp á heimasíðunni þá fannst mér þau til fyrirmyndar. Í áfanganum X voru viðbrögð kennara til fyrirmyndar og lagði hann á sig töluverða vinnu að mínu mati til að tryggja það að lokun Háskólans hefði sem minnst óþægindi í för með sér fyrir nemendur.
10. Flest allir kennarar brugðust vel við, erfiðara fyrir eldri kennara greinilega.
11. Flestir kennarar voru mjög sveigjanlegir og gerðu sitt besta til að koma til móts við nemendur.
12. Flestir kennarar þeirra námskeiða sem ég var skráð í á vormisseri brugðust ágætlega við og gekk vel að færa námskeiðin yfir á netið.
13. Í öðru námskeiðinu sem ég var í í samkomubanni gekk fjarkennsla mjög vel. Kennarinn hafði nú fyrir fram ekki verið jákvæður í garð fjarkennslu en þegar á hólminn kom var hann til fyrirmyndar, tók upp góða fyrirlestra sem nemendur gátu hlustað á og hafði svo umræður í fjarfundi. Einnig var hann alltaf tilbúinn að funda með nemendum og var almennt jákvæður og velviljaður. Raunar held ég að ég hafi grætt meira á þessari nálgun en því yfirkomulagi sem var í þeim fjórum fyrirlestrartímum sem voru búnir áður en samkomubannið tók gildi.

14. Kennarar og stjórnendur skólans hafa komið mjög vel að öllum þeim breytingum sem hafa átt sér stað. Nemendur eru vel upplýstir hvað skipulag varðar og allt hefur verið gert til þess að koma til móts við nemendur á tímum sem þessum.
15. Kennarar voru mjög skilningsríkir við þessar aðstæður og voru duglegir að heyra í nemendum sínum og veita aukinn skilafrest á löngum og erfiðum verkefnum/ritgerðum
16. Lagadeild stóð sig almennt vel við útfærslu prófa og kennslu. Þó á það ekki endilega við um öll námskeið, en almennt séð gekk þetta vel.
17. Mér fannst fjarkennslan ganga vel og þakklát að kennarar brugðust fljótt og vel við en þetta prófafyrirkomulag hentaði alls ekki vel.
18. Mínir kennarar hafa verið skilningsríkir, mannlegir og lausnamiðaðir.
19. Námið var þegar að miklu leyti kennt í blöndu af staðnámi og fjarnámi og því var lítið mál fyrir bæði kennara og nemendur að færa námið alfarið yfir í fjarnám.
20. Mér fannst allir hafa góð samskipti og gerðu sitt besta miðað við þær dældir sem þau réðu ekkert frekar við en við nemendurnir.
21. Stóðu sig eins og hetjur!
22. Sumir fyrirlestrar hefðu mátt vera betri, lengri og itarlegri (meira eins og tímarnir).
23. Sumir kennarar hefðu mátt taka fyrir við sér hvað varðar að finna lausnir á tæknimálum og námsmati.
24. Takk kennarar fyrir þolinmæðina, stuðninginn og hjálpina sem þið veittuð mér og öðrum til að klára þessa önn.
25. Tveir kennarar deildu kennslu námskeiðsins sem ég var í. Það kom mikið fát á þá og ætluðu þeir í raun ekki að vera með neina fjarkennslu, heldur eingöngu kennslu í gegnum tölvupósta og mögulega senda fyrirfram upptekna fyrirlestra. Vegna mikils þrýstings nemenda ákváðu þeir að prófa Zoom og gekk það vel. Tímarnir á Zoom voru flottir, jafnvel betri en í háskólabyggingunum.
26. Umburðarlyndi gagnvart seinum skilum á verkefnum.
27. Var í tveimur áföngum. Var mjög ánægð með viðbrögð og sveigjanleika kennara v/Covid. Breytti ekki miklu fyrir mig en trúi að það hafi verið mikils virði fyrir ýmsa.
28. Það var aðdáunarvert að verða vitni að því að kennarar sem höfðu ekki verið með námskeiðin sín í fjarnámi áður náðu að breyta þeim í fjarnám á svo stuttum tíma.
29. Þakklát fyrir sýndan skilning og þolinmæði kennaranna, frest til að skila verkefnum og eftirfylgd.
30. Þau hafa verið til taks öllum stundum, svara iðulega mjög fljótt og vel þegar mig hefur vantað aðstoð. Einnig hafa þau boðið upp á Zoom fundi og fjarkennslu eftir þörfum nemenda í náminu. Alveg hreint til fyrirmyndar.
31. Þeir brugðust skjótt við og leituðust við að gæta sanngirni og reyndu að gera breytinguna eins auðveldi fyrir nemendur og mögulegt var, t.d. með frestun verkefnaskila og ámóta aðgerðum.
Þeir reyndu sitt besta flestir, en þeir voru ekki allir undirbúnir tæknilega séð og fengu engin tæki til að bæta kennslu.

Óánægja og mismunandi viðbrögð kennara

1. Var í valáfanga hjá kennara í x og þar var mjög litla aðstoð að fá og viðmót í samskiptum ekki á jákvæðu nótunum.
2. Alltof seint. Aðgerðir komu of seint og upplýsingaflæði lítið. Einfalt hefði verið að útskýra að skólinn væri að vinna í lausnum og leyfa okkur nemendum að vera með í ferlinu.
3. Einn kennari sem var í litlu sambandi við okkur eftir að skólinn lokaði. Gerði það að verkum að ég vissi ekki hvað átti að gera, vissi ekki hvernig ég átti að gera það þannig ég ákvað að hætta í þeim áfanga og fókusera á hina þar sem kennararnir þar voru betri og voru með zoom/teams tíma. (Þessi kennari sem var í litlu sambandi hefur áður talað frekar niður til HÍ).

4. Einn kennarinn sagðist ekki myndu hafa kennslu í gegnum fjarfundabúnað eða setja inn upptökur, hann setti öll kennslugögn á Uglu og sagði gangi ykkur vel. Eftir kvörtun bauð hann upp á Zoom fundi og tókst vel upp með það.
5. Því miður hef ég ekki sömu sögu að segja með áfangann x. Þar voru viðbrögð kennara í engu samræmi við viðbrögð skólans eins og þau voru sett upp á heimasíðunni. Kennarinn beinlínis dónalegur og upplýsingar sem hún gaf rangar og að mínu mati og annarra sem lásu póstana skólanum ekki til sóma.
6. Hitt námskeiðið gekk alls ekki upp í fjarkennslu eða a.m.k. ekki eins og staðið var að henni. Kennslu í veigamiklum hluta námskeiðsins var sleppt þar sem kennari sagði að það væri ekki hægt að kenna hann í fjarnámi en samt sem áður var nauðsynlegt fyrir nemendur að kunna skil á þessum hluta til að hægt væri að skila bæði hóp- og einstaklingsverkefni og ekkert tillit tekið til þess að við fengum enga kennslu. Maður þurfti sem sagt að kenna sér þetta sjálfur, eða treysta á að vera svo heppinn að vera með hópfélaga sem hafði grunn. Þá voru upplýsingar frá kennara oft misvísandi og ruglingslegar og þær "lausnir" sem komu fram lítt fallnar til þess að hjálpa.
7. Margir kennarar sem "hurfu" bara í samkomubanninu og þegar við erum ekki búin að fá almennilega kennslu í næstum 2 mánuði að hafa prófin þyngri og lengri er mög fáránlegt þar sem við höfum ekki fengið kennsluna sem við skráðum okkur í.
8. Mér fannst kennari ekki fær í veflægi kennslu, vídeóupptökum og Zoom fyrir Covid-19 þó allt færi reglulega á námsvef HÍ sem mér fannst koma niður á gæðum kennslunnar á námskeiðinu. Þegar skólanum var svo lokað og ekki annað í boði en veflæg miðlun fannst mér ekki framför í þessum þáttum þegar á leið önnina. Ég veit ekki hversu mikinn stuðning kennarar fengu við tilfærsluna. Þannig að, heilt yfir, breyting á kennslu varð í raun engin, sem mér fannst miður þar sem áskorunin bauð upp á það.
9. Óvissa of lengi. Ekki brugðist nægilega fljótt við, eða haldið upplýsandi samtali.
10. Sumir kennarar settu restina af námsefninu í sjálfsnám, engar upptökur og allt í lagi glærur svo sem, fannst það smá óþægilegt.
11. Utanumhaldið var frekar losaralegt eftir að Covid 19 fárið brast á af fullum þunga.
12. Virtist sem í sumum áföngum að kennarar hafi hætt öllum samskiptum og kennslu við nemendur.
13. Það kom manni á óvart hversu illa tókst til að komast til móts við nemendur á þessum tíma. Við hlutum enga fjarkennslu, fengum einn Zoom fund frá einum kennara yfir allt tímabilið og engar upptökur. Það kallast ekki fjarnám eða færa nám yfir á netið. Námsmat var alveg jafn strangt fyrir utan styttingu á einni ritgerð, kröfur þær sömu.
14. Það vantaði meiri heimakennslu í flesta áfanga. Oft var þetta bara "lesið sjálf".
15. Covid sýndi hversu mikilvægt það er að kennsluhættir séu nútímavæddir. Mér finnst viðskiptafræðinámið ekki nógu vel í takt við tímann þegar kemur að tækni og samtvinningu hennar við kennsluhætti. Svo vantar líka samræmingu milli ára. Ég tók lokaprófið í fjármálum II á blaði á meðan árið þar á eftir tók áfangann í Excel og lengi mætti telja svipuð dæmi - fer allt eftir kennara og hans vilja - vantar upp á stöðlun náms og samræmingu milli ára.
16. Kennarar tóku rosalega misjafnlega á málunum, sumir voru með Zoom fundi í stað kennslu en aðrir ekki neitt.
17. Mismunandi viðbrögð en yfir heildina litið þá frekar ánægð.
18. Mjög misjafnt eftir kennurum hvernig viðbrögðin voru. Sem dæmi þá var einn kennari mjög skilningsríkur og gaf aukinn frest en aðrir kennarar juku álag í áföngunum með auknum verkefnum og þess háttar.
19. Mjög misjafnt hvernig kennarar brugðust við og finnst það sýna hversu mikinn metnað þeir setja í námskeiðin sín. Tveir tóku þetta alla leið og voru með kennslu í gegnum Zoom/Teams

og voru tilbúnir að koma á móts við nemendur. Einn var með kennslu en það var einungis einn tími eftir þar sem lokaprófið var í seinustu kennslustund. Einn gerði ekkert til að koma til móts við nemendur í námskeiði sem þarf meiri leiðsögn en bara glærur og spjall – mikið í Excel.

20. Sumir kennarar stóðu sig betur en aðrir. Sumir héldu vel utan um hópinn á meðan aðrir virtust hverfa og erfitt að ná sambandi við þá til að fá aðstoð við námið.
21. Sumir kennarar stóðu sig frábærlega eins og til dæmis x sem að var mjög dugleg að sýna skilning, einnig voru þær í x mjög duglegar að sýna skilning og ég vil því koma því á framfæri! Heilt yfir vantaði þó algjörlega allt efni, það var engin vendikennsla (nema hjá x) og er það gjörsamlega óásættanlegt!
22. Sumir kennarar stóðu sig gríðarlega vel, voru með kennslufni á netinu og gott upplýsingaflæði. Hins vegar voru sumir kennarar sem breyttu litlu og upplýsingaflæði mjög takmarkað sem skapaði mikla óvissu.
23. Sumir kennarar tóku ekkert tillit til breytta aðstæðna og prófin í engu samræmi við aðstæður. Mjög ósátt með viðskiptafræðideildina.
24. Sumir kennarar voru mjög fljótir að bregðast við en aðrir ekki.
25. Upplifði bæði frábær viðbrögð og bara engin viðbrögð í rauninni.
26. Var mjög óánægð með suma en mjög ánægð með aðra, var í fimm áföngum og var ánægð með þrjá af þeim.
27. Viðbrögð kennara voru misjöfn, allir tóku tillit til aðstæðna en misjafnt hversu vel kennurum gekk að halda utan um námskeiðið eftir breytingar.
28. Viðbrögð kennara voru misjöfn. Sumir komu verulega á óvart og settu fyrirlestra inn sem voru mjög gagnlegir og reyndu að gera verkefni og próf eins sanngjörn og hægt er við þessar aðstæður, á meðan aðrir létu kyrrt liggja með fyrirlestra og við áttum bara að lesa námsefnið og minnkuðu orðafjölda/blaðsíðufjölda verkefna en ekki umfang þeirra.
29. Ég hugsa líka að það sé virkilega óæskilegt að hafa fjarnám eftir höfði hvers kennara fyrir sig. Mismunurinn á milli deilda var hrikaleg og ræddi ég við marga kunningja mína sem voru að fá 6 klukkustundir í öll lokapróf og alskyns fríðindi sem okkur stóð ekki til boða. Geðþóttaákvörðanir eru ekki æskilegar og þarf að vera skýr rammi og kröfur á nemendur og kennara í svona ástandi.
30. Það var einungis einn kennari (einn áfangi) sem setti inn upptökur af tímum. Hinir bættu bara inn auka lesefni sem við áttum að tileinka okkur í stað kennslu, ofan á lesefnið fyrir tímanna.
31. Það var mjög misjafnt eftir áföngum og kennurum. Sumir gerðu ekkert á meðan aðrir unnu hörðum höndum að aðlagast þessum breyttu tímum.
32. Það var töluvert mismunandi hvernig kennarar tæklðu vandann, það hefði hugsanlega verið gott að samræma viðbrögðin eitthvað betur. Raunin er þó sú að þetta voru auðvitað með öllu fordæmalausar aðstæður, svo það er ekki skritið að viðbrögð kennara hafi verið með mismunandi hætti.

Námsmat – próf og verkefni

1. Allir skipulagðir og voru með sanngjörn próf nema einn kennari sem ei náði öllu og prófið miklu erfiðra miðað við hvernig áfanginn var.
2. Ánægð með kennsluna fram að lokaprófum en ekki ánægð með lokaprófin þar sem ég lenti ítrekað í því að þau væru mun þyngri og lengri heldur en próf tekið í skólanum. Það var eins og kennarar væru að reyna að hafa prófið "nógu" erfitt en varð síðan bara of erfitt eða langt öllu heldur.
3. Ánægð með lokun skólans en gríðarlega ósátt við kennslu og fyrirkomulag náms og prófa.
4. Bara drullu erfið próf í engu samræmi við önnina eða fyrri próf.
5. Finnst að fleiri kennarar hefðu mátt láta verkefni sem voru unnin fyrr á önninni vega þyngra í lokaeinkunn og láta á lokapróf vega minna í lokaeinkunn þar sem þau eru öll í raun gagnapróf

núna og því ekki sambærileg prófi á prófstað. Finnst líka eðlilegt að láta lokapróf gilda minna þar sem nemendur eru ekki að fá sama stuðning og upprifjun og tök eru á í staðnámi og þurfa meira að reyna að skilja og rifja allt upp ein heima. Finnst hins vegar mjög gott að margir kennarar gáfu sveigjanlegri tíma fyrir verkefnaskil eða seinkuðu skilum á verkefnum sem átti að skila á svipuðum tíma og fjarnámið var að byrja þar sem margir eiga erfitt með að fóta sig í þessu nýja fyrirkomulagi.

6. Þó áttu kennarar eins námskeiðs sérstaklega erfitt þar sem einkunnir úr verkefnum frá því í febrúar bárust ekki fyrr en í lok mars og voru útskýringar á þessum seinleika lélegar.
7. Einnig þyngdist lokaprófið verulega frá því hvernig það hafði verið árin áður og var það ekki í samræmi við þær breytingar að leyfilegt var að notast við námsefni námskeiðsins í prófinu.
8. Lítil viðbrögð í nokkrum áföngum og seint gefið upp hvernig námsmat yrði.
9. Lokaprófin í ár voru heimapróf með gögnum, 5 klst. og töluvert erfiðari en árin á undan. Ég hefði frekar valið 3 klst. próf í húsakynnum HÍ og haft þau þá án námsgagna og ekki jafn erfið.
10. Margir kennarar höfðu lokaprófin TÖLUVERT erfiðari en þau hefðu annars verið. Mér þykir ósanngjarnt að það bitni á nemendum að þeir neyðist til þess að taka heimapróf.
11. Margir kennarar settu inn myndbönd af sér vera að útskýra verkefnin og seinustu próf inn á uglu sem hjálpaði gríðarlega! Einnig finnst mér heimaprófin vera frábær! Hef vanalega fengið prófkvíða og orðið það stressuð í prófum að ég hef gleymt öllu í miðju prófi en núna er ég heima í rólegheitunum með kaffi og tónlist mér til hliðar og ekki verið í neinu stressi. Kann mjög vel að meta það!
12. Mér finnst hvorki sanngjarnt né góð lausn að hafa 3 klst. heimapróf sem hver nemandi fær 8 klst. til að leysa, alveg óháð hverjir eru með ADHD og hverjir eru t.d. einstæðir foreldrar. Gerð var óformleg könnun á facebook síðu laganema um hversu lengi nemendur voru að klára prófið og mjög margir sögðust hafa verið allt að 7-8 klst. þrátt fyrir að vera ekki með námsörðuleika, en kennararnir lofuðu að prófin yrðu jafn löng og ef um væri að ræða 3 klst. próf.
13. Próf áttu að vera leysanleg á 3 klst. en 90% nemenda þurftu 7+ tíma til að leysa þau. Aukið var heldur á álag nemenda en að létta á vegna COVID. Heimaprófin voru töluvert þyngri en próf í háskólanum, kröfurnar miklu meiri og ómögulegt var að leysa prófin á 3 klst. eins og lagt var upp með.
14. Endurtektarprófið í almennunni hefði mátt vera 8 klst. eins og hin prófin.
15. Það koma hins vegar ca. 10 daga mikið óvissutímabil um það hvernig kennslan myndi fara fram og ca. ein vika í viðbót þar til nemendur fengu upplýsingar með hvaða hætti námsmat yrði háttað. Ég er mjög sátt við hvernig brugðist var við með námsmatið.
16. Að auki vil ég nefna að í einum a-áfanga stóð til að nemendur ættu, í þriggja manna hópum, að flytja korters fyrirlestur í tíma x það var því um 5 mínútur á mann, ekki það mikil fyrirhöfn og að mínu mati í samræmi við 10% verkefni. Eftir að samkomubannið var sett á og kennsla lögð niður var fyrirlestrinum, í ljósi aðstæðna, breytt í verkefni. Það var ekki vandamálið heldur umfang verkefnisins. Það átti að lesa samtals rétt rúmlega 70 bls. á fyrirfram gefnu efni til að afla sér upplýsinga, gera 1000 orða úrdrátt úr einni greininni og svara svo tveimur spurningum með max 500 orðum. Þannig að 10% verkefni varð að 2000 orða "ritgerð".
17. Það var strax farið í að breyta verkefnum í áföngum og tel ég að sumar ákvarðanir hafi verið teknar of fljótt. Eins voru óljós svör um þessar breytingar svo að nemendur voru í lausu lofti og vissu ekki alveg hvernig átti að haga sínum málum.

Aðstæður stúdenta

1. Ef eitthvað þá jókst álagið og aukin verkefnavinna. Kom sér mjög illa þar sem leikskólabörn fóru annan hvern dag í leikskólann. Þurfti að seinka útskrift vegna álags þar sem ég hafði engan tíma til að klára BA ritgerðina mína.
2. Í sumum kúrsnum var ekki hægt að horfa á fyrirlestra nema á þeim tíma sem áfanginn var kenndur og það gekk mjög illa að horfa með leikskólabörn heima sem hentaði illa. Önnin hefði gengið mun betur ef það hefði verið hægt að horfa á fyrirlestra á kvöldin.

3. Mér fannst kennarar hugsa of mikið um að "líta vel út" sem framtaksamir fyrir samkennurum sínum með því að setja allskonar aukaverkefni fyrir teams fundi og bara almennt að kveða á um að hafa Teams/Zoom fundi frekar en að taka bara upp og láta nemendur horfa eftir getu. Þetta kom ekki til móts við nemendur sem búa ekki endilega við þannig aðstæður að þeir geti staðið í svona (eru t.d. með kornung börn heimavið og annað í gangi).
4. Það var lítið sem ekkert komið til móts við foreldra í námi, sem höfðu mun minni tíma til að sinna náminu frá miðjum mars alveg fram að miðju próftímabili, vegna skertrar leikskólaþjónustu!
5. Sumir kennarar hefðu mátt taka meira tillit til fjölskyldna með börn þar sem leikskólar og grunnskólar lokuðu einnig. Ekki alltaf hægt að mæta í "live" tíma á Teams eða öðrum vettvang yfir miðjan daginn með lítið barn heima. Lítið tillit tekið til þess hjá sumum kennurum þar sem ekkert var tekið upp og svolítið svona "greyið þú" að geta ekki setið við skjáinn og hlustað/tekið þátt.
6. Samt sem áður er okkur sagt að kennarar þurfi að verja tíma sínum vel þar sem þau eru með veika fjölskyldumeðlimi, börn sem komast ekki í skóla og aðrar eins aðstæður... ekki nemendur þá? Nemendur voru í alveg jafn vondri stöðu og kennarar... jafnt skal yfir alla ganga, ef það er ekki hægt að kenna okkur verður að komast til móts við nemendur og slá af námskröfum, allt annað er fullkomlega óeðlilegt. Mér fannst mikið um skilningsleysi eða lítið samvinnuþýði kennara á þessum tíma og mér þykir það hreinlega miður.
7. Hefði mátt taka meira tillit til fjölskyldufólks og koma með einhver úrræði fyrir þau þar sem leikskólar voru með mjög skerta starfsemi eða lokaðir. Það eru ekki allir í háskólanum sem eru nýútskrifaðir úr menntaskóla. Að þurfa að sjá um 2 ára barn og sinna 100% námi + lokaritgerð er ekki hægt þegar maki er eina innkoma heimilisins.
8. Já vil aftur ítreka að mér finnst vika engan veginn nægilegur aukafrestur til að skila lokaritgerðum í ljósi þess að skólinn og bókasafnið var lokað í 7 heilar vikur og útskrift hefur færst aftur um tvær vikur. Mér finnst að fresturinn hefði sjálfkrafa átt að vera gefinn í samræmi við það a.m.k. og að veita deildum sveigjanleika til að bæta við frestinn. Það er fáránlega ósanngjarnt í ofanálág að sumar deildir veiti síðan auka vikufrest en aðrar ekki og að þurfa að horfa upp á aðra nemendur í öðrum fögum fá meiri frest en maður sjálfur (sem hefðu upprunalega átt að skila fyrr) er mjög svekkjandi. Það er einfaldlega ekki hægt að bera saman aðstæður þess að vera með fullan aðgang að skólanum og bókasafninu og þeim aðstæðum sem í boði hafa verið þessa önnina. Vinna heima í ófullkominni vinnuaðstöðu, með fjárhagsáhyggjur (sem jafnvel aukast þegar maki missir vinnu), áhyggjur af atvinnuleysi sumarsins - og nota bene vera á mörkunum á því að útskrifast og ef það tekst ekki þá eru núll bætur í boði, heilsufarsáhyggjur og óvissu um framtíðina. Í öllu falli hefðu tvær vikur verið mun sanngjarnari viðbótarfrestur og ítrekun á sveigjanleika við deildir/svið hefði verið ágætt.
9. Kennarar í minni deild hefðu mátt taka tillit til kvíða og álags nemenda á þessum tímum, mín reynsla er sú að flestir kennarar fóru leiðir sem auðvelduðu þeim vinnu en komu lítið til móts við nemendur.
10. Lítið var gert fyrir einstæða foreldra sem voru fastir með börn sín nánast alla önnina, fyrst vegna verkfalls Eflingar og síðar vegna covid. Þetta olli gríðarlega mikilli streitu og álagi sem síðan jókst í prófunum sem voru allt of krefjandi miðað við það sem hafði verið gefið út. Það var gerð könnun á facebook síðu nemenda þar sem yfir 40 nemendur sögðust hafa þurft 7+ tíma til að leysa próf sem átti að vera vel leysanlegt á 3 klst. um 60 nemendur eru að taka prófið.
11. Ég skil að þetta á að koma til móts við kvíða/breyttar aðstæður allra en það er eins og fólk gleymi að þessar aðstæður eru margfalt verri fyrir þau sem eru nú þegar með námsörðugleika og það var ekkert komið til móts við okkur. Þessi könnun ein sýnir hversu lítil áhersla hefur verið lögð á fólk með námsörðuleika á þessum tímum á meðan margar spurningar eru um alls konar félagslega þætti þá er ekki ein um námsörðuleika eða aðrar fatlanir.

12. Myndi vilja sjá meiri stuðning frá stjórnendum skólans við kröfur Stúdentaráðs HÍ hvað varðar fjárhagslegt öryggi nemenda.
13. Það var alls ekki brugðist nógu vel við aðstæðum fjölskyldufólks og þá sérstaklega einstæðum foreldrum, ég upplifði skilningsleysi á mörgum stöðum (ekki öllum samt!), en þar sem var skilningur var lítið um lausnir.
14. Það flækti mín mál að þjóðarbókhlaðan lokaði en það var ráðstöfun sem var bæði skiljanleg og skynsamleg.
15. Dæmi eru um að önnur svið skólans hafi gefið auka frest til viðbótar við þann frest sem skólinn gaf, en ekki sviðið sem ég stunda nám við. Þetta er mjög svekkjandi eftir að skólinn hefur verið lokaður í 7 vikur (enginn aðgangur að tölvustofum né bókasafni) að einungis vika bætist við til að skila meistararitgerð. Þegar allar áhyggjur af covid, fjárhagsáhyggjur og heilsufarslegar áhyggjur eru teknar í myndina gefur að skilja að 7 vikur af vinnu að heiman, í vinnuaðstöðu sem er ekki nærri eins góð og býðst á háskólasvæðinu er vika hreinlega ekki nóg.

Netfundir og upptökur – breytingar til framtíðar

1. Fannst allt gott nema þetta með að geta ekki horft fyrirlestra á öðrum tíma þar sem ég var heima með börn og hafði ekki tök á því að horfa á réttum tíma.
2. Kennsluaðferðir sem notast var við í samkomubanni mættu og ættu að viðhaldast þar sem nemendur HÍ eru alls ekki allir búsettir á höfuðborgarsvæði og það ætti ekki að vera fyrstaða fyrir neinn óháð búsetu að geta menntað sig.
3. Nú stunda ég MS nám á viðskiptafræðibraut. Mér finnst kennsluhættir þar gamaldags og einsleitir. 2011 lauk ég M.Ed prófi við Menntavísindasvið. Ég segi að viðskiptafræðideild sé ekki með tærnar þar sem Menntavísindasvið hafði hælana þá. Að mínu mati ættu aðrar deildir HÍ að læra af kennsluháttum Menntavísindasviðs sem eru miklu nútímalegri og nemendavænni en í öðrum deildum.
4. Mættu nýta sér þær kennsluaðferðir, sem þau neyddust til að nota vegna Covid-19, áfram :)
5. Mér fannst mjög flott að sumir kennarar fóru að taka upp tímana sína og finnst að kennarar eigi að halda því áfram.
6. Það hefur lengi verið beiðni mín að fá fjarnámsmöguleika í háskólanum vegna skertrar hreyfi getu og var alltaf hart svarað nei á þeim valmöguleika en Covid sannaði að það er mögulegt og vonast til þess að kennarar muni halda áfram að bjóða uppá þessa möguleika í framtíðinni.

Viðbrögð leiðbeinanda í lokaverkefni

1. Fékk mjög mikið svigrúm til lokaverkefnis, leiðbeinandi minn sýndi mikla þolinmæði og gaf mér auka frest á að skila loka handriti, en það kom ekki niður á yfirlestri frá honum, mjög ýtarlegt og vel gert.
2. Finn fyrir miklum stuðningi.
3. Leiðbeinandi hefur frá upphafi verið mjög styðjandi og ráðhollur.
4. Leiðbeinandinn minn kom frábærlega til móts við mig á þessum breyttu tímum, sýndi mikinn skilning og stóð sig 150% í sínu starfi sem leiðbeinandi.
5. Mikill skilningur og góð samskipti - skipti miklu máli á jafn stressandi tímum og raun bar vitni.
6. Vantaði soldið að geta hitt leiðbeinandann í persónu, en samt sem áður stóð leiðbeinandi minn sér mjög vel og var fljótur að koma með gagnlegar ábendingar og svör við spurningum í gegnum email samskipti.
7. Þurfti að seinka ritgerðinni yfir á sumarið og það var minnsta mál.

Viðbrögð kennsluskristofu/skrifstofu sviðs/deildar/námsbrautar

1. Ég fékk öll þau svör sem ég þurfti
2. Ég, ásamt fleirum, sendum póst á rektor til þess að biðja um að skilafrestum á lokaritgerðum yrði seinkað enn frekar. Hann svaraði því að því yrði beint til deilda og sviða. Í kjölfarið höfðum við samband við sviðið (FVS) og fengum þau svör að það væri bara "of erfitt". Á sama tíma var búið að seinka útskrift um viku svo að tíminn er ekki vandamál. Á sama tíma

lengdi HVS sinn skilafrest. Það er því ljóst að það er eingöngu viljinn sem stoppar. Þetta er hræðilegt fyrir nemendur sem vegna aðstæðna sjá sér ekki fært að klára ritgerð á tilskildum tíma og þurfa því að útskrifast í haust. Margir eru komnir inn í meistaranám og munu þá ekki geta haldið sæti sínu þar. Þá munu þau þurfa að brúa bilið til hausts 2021 með því að vinna, á tímum þar sem vinnumarkaðurinn er mjög óaðgengilegur. Vilji HÍ til þess að koma til móts við stúdenta, t.d. með auka útskrift í ágúst líkt og HA ætlar að gera, er því gríðarlega lítill.

3. Hafði samband út af breytingu á ritgerðinni og hvað ég þyrfti að gera til að fresta skilum fram í september - fékk mjög jákvæð og skýr svör.
4. Hvað varðar skil á lokaverkefnum, eins og t.d. BA ritgerðum, hefði mátt sýna meiri sveigjanleika varðandi t.d. skil á bæði lokadrögum og lokaskilum. Þrátt fyrir að lokaskilum hafi verið frestað um 9 ? daga hefði ég viljað sjá meiri framlengingu. Einnig þá þrátt fyrir að lokaskilum hafi verið frestað þá var sami skiladagur á lokadrögum. Einnig hef ég áhyggjur af því að ekki verði tekið tillit til áhrifa þessa erfiða tímabils á nemendur þegar kemur að því að gefa einkunn fyrir BA ritgerðir
5. Sömu úrræði henta ekki fyrir mismunandi hópa! Sérstök úrræði eiga að vera til að minnka aðstöðumun og þannig skapa jafnræði!

Viðbrögð námsbrautarformanns, deildarforseta og rektors

1. Deildarforseti hringdi í mig í kjölfar bréfs sem ég sendi, og sýndi mínum aðstæðum skilning og sagðist vilja tala fyrir einni af mínum tillögum um úrbætur. Ég var mjög ánægð með það.
2. Ég skrifaði deildarforseta um það óréttlæti sem leiddi af 8 tíma prófs fyrirkomulaginu fyrir tveim vikum og hún hefur ekki svarað mér.
3. Vill allt fyrir mig gera.
4. Rektor var duglegur að senda upplýsingar í gegnum tölvupóst sem eg kunni að meta. Einnig var háskólinn duglegur að koma með kannanir varðandi líðan nemenda. Finnst líka úrræðið varðandi sumarnám sniðugt úrræði. Hef einungis áhyggjur að það verði ekki mikið úrval í því námi sem ég stunda, en það kemur vonandi í ljós bráðlega.
5. Virkilega gott að fá update pósta frá rektor, traustvekjandi að fá tölvupósta frá honum frekar en að lesa um stöðuna í fréttum.
6. Rektor Háskóla Íslands svaraði öllum póstum frá mér og afgreiddi allt fljótt og vel og bara svo fallega. Ótrúlega næs gaur! Ég var alveg að missaða á einum tímapunkti og hann var bara sultuslakur og fannst fullkomlega eðlilegt að ég væri að fríka út. Og hann var svo slakur að eg fékk bara kúlið aftur og það hefur ekki farið neitt síðan. Og einn kennari - X var líka svona eins og Jón Atli. Svo ótrúlega falleg i allri framkomu og svörum að mar bara fékk aftur trú á mannkynið. Það var alveg mjög næs að upplifa það i miðri krísu og vona að aðrir hafi líka átt svona falleg móment úr óvæntri átt.

Heilbrigðisvísindasvið.

Flestar athugasemdir stúdenta eða 27 snerust um óánægju vegna ólíkra viðbragða kennara en 15 athugasemdir lýstu jákvæðri reynslu. Tuttugu athugasemdir voru gerðar um breytt námsmat og prófafyrirkomulag þar sem oftast var kvartað yfir að það hefði ekki verið sanngjarnt og 19 athugasemdir snerust um aðstæður og ólíkar þarfir stúdenta sem taka hefði þurft meira tillit til. Níu svör snerust um reynslu af netfundum og upptökunum og að slíkt þyrfti að nýta meira í framtíðinni.

Ánægja með viðbrögð kennara

1. Allt gert til að koma á móts við okkur varðandi próf og verkefni.
2. Flott hvernig sumir kennarar komu til móts við nemendur.
3. Frábærir kennarar við deildina mína.
4. Hef lítið þurft á kennurum að halda eftir að samkomubann var sett á.
5. Kennarar brugðust vel við aðstæðunum.
6. Kennarar í Læknadeild, sérstaklega forsetinn, voru einstaklega liðleg og hjálpsöm við allar breytingar sem urðu í náminu.
7. Kennararnir voru fljótir að bregðast við og gerðu allt í sínu valdi til þess að koma til móts við okkur.
8. Læknadeild stóð sig vel. Deildin getur verið erfið og samið sínar eigin reglur en í þetta skipti tóku þau vel á málunum. Fyrir utan að vera ekki búin að gefa út einkunn á staðið/fallið áfanga sem lauk í byrjun mars. Sem er ekki leyfilegt skv. reglu háskólans en læknadeild má „allt“!
9. Mér fannst kennararnir standa sig vel í því að aðlaga sig að breyttum aðstæðum og reyna að koma til móts við nemendur.
10. Mér fannst kennarar í mínum námskeiðum standa sig mjög vel í að endurskipuleggja kúrsana og verkefnin okkar á mjög stuttum tíma. Mjög liðlegar.
11. Mikill sveigjanleiki og hafa haft reglulega viðrunarfundi um ástandið. Gott að leita til þeirra.
12. Vel gert hjá kennurum nema í einum áfanga.
13. Viðbrögðin voru mjög jákvæð en það tók mjög langan tíma að komast að niðurstöðu um hvað væri hægt að gera sem olli mér áhyggjum.
14. Þau gerðu sitt besta í aðstæðunum.
15. Þau reyndu sitt besta að færa námið yfir á netið og hlustuðu á ábendingar nemenda þegar ekki tókst vel til og aðlöguðu sig.

Óánægja með mismunandi viðbrögð kennara

1. Ekki allir kennarar auðvitað en mjög margir þeirra voru seinir með að koma með online fyrirlestra, þeir voru hægir að laga verkefnin sem við áttum að vinna í. Almennt þá VAR skýrt mjög hratt að margir kennarar voru ekki nógu góðir með að aðlagast Covid.
2. Í geislafræðinni var mjög erfitt að ná sambandi við suma kennara og það olli miklum óþægindum og óstöðugleika þegar kemur að verkefnaskilum á þessum tímum
3. Kennarar voru lengi að hlaða upp fyrirlestrum. Þetta var orðið smá stress fyrir próflestur.
4. Ánægð með suma kennara, óánægð með aðra. Margir kennarar voru sveigjanlegir, skilningsríkir og lausnamiðaðir - ég þakka öllum kennurum fyrir að hafa nýtt sér fjarfundalausnir og fyrir að hafa lengt skilafresti endurtekið fyrir þau sem þurftu á því að halda. Varðandi aðra kennara, fannst mér stundum sjást að lausnir voru ekki fundnar með nemendum í huga, heldur fyrst og fremst kennarana sjálfa. Þegar svoleiðis ákvarðanir eru teknar, kemur það niður á námsgæðum áfangans, námsviðhorfi nemandans og jafnvel frammistöðu. Ég hefði kunnað að meta fleiri fjarfundalausnir í áföngum eins og x.
5. Flestir voru mjög hjálpsamir og unnu vel úr þessu en aðrir virtust bara ætla að reyna að hunsa þetta alveg, komast hjá því að breyta sínum kennsluháttum.
6. Í sumum tilfellum var reynt of mikið að halda í það fyrirkomulag sem hafði verið ákveðið í kennsluáætlunum með breyttu fyrirkomulagi sem í allavega einu tilfelli var hreint út sagt fáránleg útfærsla sem skildi ekkert eftir en útheimti hins vegar gríðarlega tímafreka vinnu. Þetta á við um x þar sem munnlegur flutningur á minnisverkefni var breytt í að handskrifa

hvert hugtak 10 sinnum og endaði í yfir 4000 orðum handskrifuðum. Ég man hugtökin alls ekki en það tók endalausan tíma að gera þetta. Þó voru þetta 15% af námsmati svo það kom ágætlega út hvað það varðar en ég lærði ósköp lítið. Önnur námskeið voru tæklud býsna vel verð ég að segja.

7. Kennarar innan matvæla- og næringarfræðideildar voru ofboðslega liðlegir og hjálpsamir við verkefni áfanga, námið sjálft og prófin. Kennarar aðkeyptu áfanga deildarinnar sem kenna x voru stífir, vildu engar breytingar af sinni hálfu og breyttu engu hjá sér til að aðlaga námið að breyttu fyrirkomulagi. Það gildir sér í lagi fyrir einn x sem drattaðist til að birta glósurnar frá sér en þær voru ólesanlegar. Til að hífa mig í gegnum þann áfanga notaði ég netið mjög mikið og fékk betri kennslu þar og útskýringar en hjá téðum kennara nokkurn tímann. Fínn kall samt.
8. Mætti staðla viðbrögð enn frekar, var mikið á víð og dreif milli námskeiða.
9. Mikill mismunur á milli kennara einstakra faga - Ekki mikið samræmi um starfshætti, fyrirkomulag prófa eða breytt námsmat. Sumir kennarar sýndu góð viðbrögð og aðrir alls ekki. Kennarar ýmist felldu út hluta námskeiðs og neituðu að veita fyrirlestra á netinu, eða voru mjög viljugir til þess að gera sitt besta.
10. Misduglegir við að taka upp fyrirlestra, nota oft gamla fyrirlestra og misgóðar upptökur.
11. Misgóð viðbrögð auðvitað. Tveir umsjónarkennarar með tveimur stærstu námskeiðum annars árs í lækisfræði í ár brugðust vel við, sýndu umburðarlyndi og skilning, leituðu til stúdenta varðandi námsmat og tilhögun kennslu sem nemendur voru ótrúlega ánægðir með. Umsjónarkennari í þriðja stóra námskeiðinu í vor hins vegar brást alveg öfugt við. Enginn skilningur með aðstæðum nemenda, mjög óviðeigandi viðbrögð þegar nemendur minntust t.d. á andlega líðan og könnun sem SHÍ gerði varðandi það. Umburðarlyndi og traust til nemenda var ekkert af hálfu þessa kennara. Hann fór heldur ekki eftir tilmælum rektors varðandi lokapróf á tímum COVID, en þar er t.d. nefnt að breytingar á lokaprófi sem eru íþyngjandi fyrir nemendur séu óæskilegar. Hann hundsáði ábendingar nemenda um þetta. Almennt mjög slæm upplifun af þessum kennara og viðbrögðum hans.
12. Mjög misjafnt hversu vel kennarar stóðu sig að koma námsefni til nemenda í gegnum fjarnám. Sumir sinntu því alls ekki vel. En heilt yfir er ég ánægð með kennarana.
13. Nokkrir kennarar voru ekki að tilkynna nógu mikið á Uglunni. Til dæmis þegar voru að setja inn nýtt efni. En aðrir voru mjög duglegir við það.
14. Nú hafa þrjú námskeið rúllað á meðan háskólinn var lokaður. Tvö þeirra reyndu sitt besta með að taka tillit til nemenda við gerð lokaprófs en óneitanlega dró mikið úr kennslu og námskeiðin urðu einfaldlega meira sjálfsnám (sem þarf ekkert endilega að vera slæmt). Þriðja námskeiðið tók aftur á móti ekki mikið tillit til nemenda né virtist hafa þau tilmæli rektors í fyrirrími að þyngja nemendum ekki róðurinn. Kennslan kom á upptökuformi eins og hægt var en prófið bara gert þyngra í staðinn. Af minni ekki svo löngu reynslu af læknadeild þá er þetta ekki einsdæmi, að farið sé frjállega með reglur og tilmæli, en í þessu tilviki við þessar aðstæður sem og tilmæli rektors kom mér þetta á óvart.
15. Set ekki alla kennarana mína undir sama hatt í spurningunni að ofan. Einn kennari gerði allt sem hún gat til að hjálpa meðan annar kennari hefði ekki getað verið meira sama um nemendur sína. Hrós á skilið á réttum stöðum :)
16. Sumir brugðust mjög vel við aðrir einstaklega illa.
17. Sumir kennarar brugðust hárrétt við og ég er ótrúlega glöð með þá en aftur á móti voru aðrir kennarar sem hugsuðu ekkert út í okkar hag og var einstaklega erfitt að ná sambandi við þá.
18. Sumir kennarar brugðust illa við þessum breyttu aðstæðum og tóku EKKERT upp, svöruðu engum tölvupóstum og gáfu ekki einu sinni góðar útskýringar á hvernig lokaprófið yrði enda fengum við engar upplýsingar um það nema að það var stytt úr 3 klst. í 75 mín. en námsmatinu var ekki breytt neitt.
19. Sumir kennarar settu ekki glærur eftir sig á Ugluna, sumir settu glærur sem þeir hefðu notað í tímum sem þarf greinilega á meiri útskýringum að halda. Sumir kennarar lengdu ekki

skilafrest á verkefnum eins og aðrir. Sumar deildir fengu mikið lengri próftíma í rafræunun prófum, lítið samræmi var á milli kennara.

20. Sumir kennarar voru mjög hjálpsamir og sýndu nemendum skilning með því að bæta ekki auka álagi á þá vegna aðstæðna. Settu einnig fyrirlestra á netið og útskýrðu námsefnið vandlega. Aðrir voru ekki eins skilningsríkir og gerðu verkefnin og skiladæmi erfiðari fyrir vikið.
21. Sumir kennarar voru mjög skilningsríkir en aðrir ekki, einn kennari vildi ekki segja okkur frá uppsetningu lokaprófsins (fjöldi og gerð spurninga) og annar kennari breytti allri uppsetningu lokaprófsins í skriflegt frekar en krossa eins og átti að vera áður en covid kom.
22. Viðbrögð hafa verið misgóð.
23. Viðbrögðin voru frekar misjöfn eftir áföngum.
24. Það er erfitt að meta almennt viðbrögð kennara. Sumir kennarar voru mjög aðgengilegir og studdu vel við nemendur, aðrir gerðu það ekki.
25. Það voru lang flestir með góð gögn og hjálpuðu mikið. Það voru einnig kennarar með lélega fyrirlestra þannig erfitt var að læra.
26. Það voru mjög misjöfn viðbrögðin hjá kennurum innan sálfræðinnar þannig það er erfitt að svara þessari spurningu. Sumir brugðust mjög vel við en aðrir ekki.
27. Það er ekki þrýst nógu mikið á kennara að fara eftir breyttu verklagi háskólans. Talað var um sveigjanleika og að koma til móts við nemendur en ekki nóg gert til þess að kennarar færu eftir því. Ef tilraunir voru gerðar til þess voru engar afleiðingar fyrir kennara að háttu málum samt sem áður eins og honum sýndist og breytt verklag og stefna háskólans í faraldrinum því fótum troðin.

Námsmat – próf og verkefni

1. Mér fannst útfærslan á Verkefni 1 óásættanleg og ekki til þess gerð að hjálpa okkur að læra í kjölfar ástandsins, heldur bara til þess að fá skil frá okkur með sem minnstri vinnu af hálfu kennara.
2. Finnst ekki rétt að kennarar fái að ráða hversu mikið tíminn er stytur fyrir hvert próf þar sem við tókum skurðlækningafræði í Inspira, þar voru 55 spurningar og við höfðum aðeins 75 mínútur.
3. Ekki tekið tillit til nemenda hvað varðaði lokaprófin, alltof stuttur próftími sem við fengum, kvörtuðum yfir því við kennarann sem sagði að þetta hefði verið svo létt próf að það hefði ekki þurft, samt náðu bara 9 af 28 nemendum að klára prófið.
4. Er ánægð með viðbrögð eins kennara, en kennari áfanga sem er símat hefði komið til móts við okkur meira og tekið meira tillit til breyttra aðstæðna.
5. Hefði verið hægt að léttu undir með nemendum sem var ekki gert, álagið og óvissan var frekar aukin.
6. Í einum áfanga voru fyrri próf látin gilda meira og einu prófi sleppt. Mér fannst þetta ekki gott þar sem mér gekk illa í einu prófi vegna veikinda og gat ekki náð mér upp í því. Þetta próf átti að gilda sama hvað. Fannst hann ekki sýna aðstæðum skilning.
7. Kennarar færðu kennsluna á netið en á sama tíma var einn umsjónarkennari námskeiðs miklu strangari við svör sem bárust úr heimaprófi miðað við samnemendur sem tóku sambærilegt próf fyrir áramót. Er ekki alveg sátt að það kom niður á einkunnunum hjá hópnum eftir áramót.
8. Lokapróf voru gerð erfiðari í einum áfanga, það erfið að nánast enginn náði að klára.
9. Mætti gefa betri upplýsingar og upplýsa nemendur hver er staðan hverju sinni. Fá skýrari upplýsingar eins og ég vissi að ég væri að fara í próf x dag en fengum ekki vita fyrr en seinnipartinn daginn áður klukkan hvað prófið væri og þá þurfti maður að fara að redda pössun. Finnst ekki sanngjarnt að stytta próftíma því þetta er heimapróf. Venjulega fær maður 3ja tíma lokapróf í þögn og friði en núna var t.d. í einum áfanga skipt í þrjú 45mín próf og með mikla truflun heima því börnin voru heima og komin með ógeð að mamman getur ekki sinnt þeim. Þannig að við fengum í heildina 2 klst. og 15 mín fyrir lokapróf og ekki frið til

að einbeita sér. Og þessi próf voru sum meira en 45 spurningar þannig að það var minna en ein mín á spurningu þannig að það var ekki séns að fara yfir og gá hvort maður hafi gert klaufamistök eða ekki. Í einu af þessum prófum var lokað á mig þegar 43:48 voru liðnar af prófinu og maður fékk ekki einu sinni þessar 45 mín eins og okkur var sagt.

10. Mér finnst lélegt þegar kennarar vilja ekki heimila notkun gagna í heimaþrófum. Það er stressandi að vera heima hjá sér umkringd(ur) truflunum og geta teygst sig í gögn en mega það ekki. Aðstæður eru aðrar og því ætti prófinu að vera háttað eftir því. Einum kennara hjá okkur virtist meira annt um að við gætum ekki svindlað á prófinu með gagnanotkun heldur en honum var um að prófið væri viðráðanlegt, talaði um að stilla prófið þannig að það væri í raun erfiðara að þreyta það heldur en hefðbundið próf, í þeim tilgangi að útiloka svindl. Þannig vildi hann skerða getu nemenda til að ráðstafa tíma sínum frjálst í spurningar og einnig að geta flakkað á milli spurninga í prófinu. Það finnst mér lélegt.
11. Einhverjum þáttum var breytt í skrifleg verkefni lögð fyrir á upplestartíma og yfir páskana, fengu breytt vægi eða felld niður. Auk þess var fyrirkomulag og uppsetning lokaprófa gjörsamlega breytt; Krossapróf urðu að ritgerðarspurningum og ritgerðarpróf urðu að krossum. Allt þetta var afskaplega raskandi fyrir námið í heild sinni, breytti aðferðum hvers fags til námsins, jók stress og setti gríðarlega pressu á mig og samnemendur.
12. Námsmat hefur verið illa skilgreint og oft gerðar meiri kröfur t.d. vegna prófa því þau eru í gegnum tölvu án þess að færa rök fyrir auknum kröfum.
13. Upplýsingar um framkvæmd lokaprófa voru ekki gefnar fyrr en í byrjun maí í sumum tilvikum.
14. Upplýsingar um tilhögun prófa barst mjög seint í einu námskeiði (fengum að vita að prófið væri í opnu Inspira mjög seint, einnig að prófið yrði blandað krossapróf og ritgerðarspurningar en hingað til hefur lokapróf námskeiðsins alltaf verið ritgerðarspurningapróf. Í öðru námskeiði var breyting á námsmati ósanngjörn, nemendum bauðst að taka þriðja próf námskeiðsins en voru hins vegar hvattir til þess að gera það ekki, okkur var sagt að það myndi örugglega ekki skila sér í hærri einkunn. Heimaverkefni kom í stað sjúkraprófa í þessu sama námskeiði og ég veit ekki um neinn sem fékk hærra en 7 á þeim og hefur kennari ekki svarað óskum nemenda um rökstuðning á þessum lágu einkunnum. Í þriðja námskeiðinu sem ég var skráð í voru breytingar á námsmati sanngjarnar og nemendur í heildina litið sáttir. Ég hefði einnig hagað tíma mínum á annan hátt ef við hefðum fengið að vita fyrr að síðustu hlutapróf námskeiðanna yrðu felld niður, en þær upplýsingar bárust mjög seint.
15. Finnst að það hefði ekki átt að setja bann á að halda prófin í háskólanum, hefði frekar kannski verið hægt að skipta okkur í fleiri stofur með meira millibili. Mjög stressandi í sumum áföngum að taka próf þar sem kennarar hafa meðvitað sett erfiðari spurningar með stuttum tímamörkum og læst þeim þannig maður geti ekki farið yfir þær og fær ekki að rástafa tímanum sínum eins og maður hefði getað gert í skriflegu prófi við HÍ.
16. Kennarar eiga ekki að ákveða fyrir hvert námskeið hversu stuttur próftíminn er, það er ekki í lagi að hafa 70% lokapróf með 55 spurningum á aðeins 75 mín.
17. Kennarar þurfa að vera meðvitaðir t.d. um tilmæli rektors varðandi námsmat. Við tökum öll námið okkar alvarlega og enginn reynir að nýta sér aðstæðurnar sem hafa komið upp til að komast sem auðveldast hjá, eins og sumir kennarar virðast hafa fyrirfram ákveðnar hugmyndir um. Gagnkvæmt traust, skilningur og umburðarlyndi kennara og nemenda stuðlar að ánægju allra, annað ýtir undir óvissu, vanlíðan og streitu allra.
18. Lokapróf með mjög þröngan tímaramma og eitt prófið var þannig að stór hluti féll á tíma. Einnig voru prófin mjög strembin og tvö þeirra ekki í takt við kennslu.
19. Mér finnst alveg FÁRÁNLEGT að breyta áfanga sem lagt var upp með frá byrjun að væri áfangi sem loka-einkunn væri gefin fyrir og því svo breytt í staðið/fallið - metnaðurinn sem maður leggur í að fá góða einkunn er töluvert meiri og öðruvísi en sá sem maður leggur upp með í staðið fallið áfanga (hreinskilið svar!). Ef það væri hægt að leggja þetta undir nemendur, hvern og einn fyrir sig að maður fái að ráða hvort henti betur þegar svona er breytt vegna Covid finnst mér mun skynsamlegri ákvörðun.

20. Mér finnst próftíminn minn vera of stuttur og myndi ég vilja hafa lengri tíma í prófunum, þetta er í fyrsta sinn sem ég tek heimapróf.

Aðstæður stúdenta

1. Að skilja að þetta sé einnig erfitt fyrir okkur nemendur og að það sé ekki draumur að sitja heima og reyna að læra vikum saman.
2. Mér fannst ákvarðanir ekki alltaf teknar með nægilegu tilliti til stúdenta. Ég er mjög óánægð með stöðu stúdenta í kjölfar COVID, og ég vildi að fleiri en bara stúdentahreyfingarnar væru að láta í sér heyra. Vegna mikils kvíða sökum ástandsins var námsgeta mín skert, ég náði ekki í gegn til að leita mér ódýrrar sálfræðipjónustu, ég kljást við erfiðar aðstæður heima og þurfti samt að hafa áhyggjur af því hvernig í ósköpunum ég ætlaði að borga leigu, og hvernig í ósköpunum ég ætti að ná að vinna sum verkefni.
3. Venjulega fær maður 3ja tíma lokapróf í þögn og friði en núna var t.d. í einum áfanga skipt í þrjú 45mín próf og með mikla truflun heima því börnin voru heima og komin með ógeð að mamman getur ekki sinnt þeim. Þannig að við fengum í heildina 2 klst. og 15 mín fyrir lokapróf og ekki frið til að einbeita sér.
4. Ég vinn á x og þegar það var sem mest að gera á deildinni vann ég nánast alla daga auka. Það lagði mikið álag bæði andlega og líkamlega og erfitt var að ná að læra fyrir prófin og skila verkefnum á sama tíma. Að vissu leyti komu kennarar á móts við okkur en svo voru aðrir sem gerðu það ekki jafn mikið.
5. Mikil pressa frá kennurum í mikilli óvissu. Aukinn kvíði hjá mér sem móður tveggja ungra barna vegna seinkaðra svara í tengslum við breytt námsmat.
6. Passa bara að upplýsa nemendur vel, svo við séum ekki í lausu lofti lengi.
7. Skipulag námsloka ekki komin á hreint og óþægilegt fyrir fólk sem er í vinnu með námi að vita ekki skipulag námsins, þarf að fastsetja tímasetningar til að get undirbúið sig.
8. Sumir lögðu full mikla áherslu á hversu erfitt þetta væri fyrir kennara og virkaði stundum eins og lítið væri gert úr hversu erfitt þetta væri fyrir nemendur.
9. Var veik í byrjun annar og átti rétt á sjúkraprófi í áfanganum mælingar og próffræði. Fékk að taka sjúkrapróf en það var mun erfiðara og uppbyggt á furðulegan hátt. Fékk 2 daga til að skila prófinu og eyddi þeim báðum í vinnu við prófið. Var vel undirbúin og búin að læra vel fyrir prófið. Prófið hefði allt eins getað verið úr öðru námsefni þar sem það var engan veginn í takt við fyrirlestra eða þá kafla sem prófið átti að vera úr. Þetta þótti mér mjög ósanngjarnt og leiðinlegt af kennaranum þar sem það er ekki mér að kenna að hafa veikst í byrjun annar og covid faraldurinn ekki á mér heldur. Mér leið samt eins og það væri verið að refsa mér fyrir veikindi mín og covid faraldurinn. Ég fékk mjög lága einkunn á prófinu (4) en eyddi samt 20 klst í vinnu við prófið.
10. Viðbrögð kennara voru mjög mismunandi og margar lausnir flottar, en fannst mér ekki nægur skilningur frá þeim í garð nemenda.
11. Þau voru mjög skilningsrík þegar ég sagði þeim að ég þyrfti að seinka doktorsvörninni því ég gæti ekkert unnið heima með tvö ung börn.
12. Þrátt fyrir að kennslan hafi færost yfir í fjarnám þá finnst mér almennt vera mjög mikill ósveigjanleiki í mínum námskeiðum. T.d. kennslan færðist yfir í zoom fundi eftir stundatöflu í stað þess að setja inn upptökur með kennsluefninu sem kom sér mjög illa fyrir mig því ég var heima með tvö leikskólabörn megnið af tímanum vegna takmarkana í leikskólanum. Kröfurnar í náminu minnkuðu alls ekkert heldur jukust ef eitthvað er. Sem er mjög ólíkt því sem ég hef heyrt frá nemenda í HR sem stóð m.a. til boða að velja um að sleppa lokaprófi og fá staðið/fallið í námskeiði.
13. Hefði mátt hafa byggingar opnar fyrir nemendur en passa upp á 2m regluna, erfitt að skrifa ritgerð með barn á heimilinu og lélega nettengingu.
14. Það ætti að taka tillit til deilda innan háskólans sem tengjast heilbrigðiskerfinu þegar það er heimsfaraldur í gangi, flestir sem ég þekki voru að vinna meira en vanalega í þessu ástandi undir meira álagi heldur en vanalega og mér fannst ekki nógu vel tekið tillit til þess.

15. Læknadeild undanskilin almennum reglum háskólans í mörgum tilvikum og minna komið til móts við nemendur.
16. Lítið tekið tillit til aðstæðna, sérstaklega Erasmus nemendurna sem voru í starfsþjálfun erlendis.
17. Hins vegar finnst mér alveg gleymast að aðstæðurnar eru óeðlilegar og þetta er ekki fjarnám undir venjulegum kringumstæðum. Háskólinn hefur sent ýmsa pósta á þessu tímabili þar sem ýmsu fögru er lofað en það er svo sett í hendur umsjónarkennara og deildanna að fylgja því eftir. Mér finnst það ekki vera að skila sér í neinum sveigjanleika eða tilliti til aðstæðna.
18. Námsþunga hefði mátt endurskoða meira með tilliti til geðheilsu stúdenta á þessum tímum. Af hverju er skólinn ekki að taka virkari þátt í að hjálpa okkur að leysa úr því mikla atvinnuleysi sem blasir við okkur (og jú, við ERUM líka verkalýður) í sumar? Af hverju eru misgagnlegar lausnir kynntar án viðunandi gegnsæis, og bara eftir hávær hróp stúdentahreyfinga (sem takmarkað er nú samt hlustað á)? Af hverju fáum við ekki að vera meira með í samtalinu sem varðar okkar framtíð, okkar lífsviðurværi, okkar nám? Að lokum vil ég segja að ég hefði viljað sjá aukið aðgengi að rafrænni sálfræðiþjónustu eða eitthvað álíka, í kjölfar ástandsins og í ljósi könnunar SHÍ um líðan nemenda á tímum COVID. Mér finnst skólinn minn hafa brugðist mér, á fleiri en einn hátt, og ég mun greiða skólagjöldin mín með þyngri skrefum en á síðasta ári, ef ég hef á annað borð efni á því. Á ég að hætta í skóla bara því ég missti vinnuna? Á ég að fara bara út á láglavinnnumarkað eins og mamma, amma, afi og langafi, sem unnu baki brotnu til að ég þyrfti ekki að brjóta mitt? Ég minni á að allir eiga rétt á jöfnu aðgengi að námi, og aðgerðaleysi hefur mestu áhrifin á verkamannastéttina og fólk sem tilheyrir minnihlutahópum.
19. Mér finnst engu að síður að námskeiðin sem ég er skráð í fyrir samkomubann og sömu námskeiðin sem ég finn mig í eftir samkomubann vera á allt öðrum forsendum. Þetta er nánast algjört sjálfsnám eftir COVID, sem er ekki það sem maður skráði sig í. Fyrirlestrar falla niður og mjög takmarkað er hægt að spyrja út í námsefnið. Í mínu tilfelli var námsleyfið mitt í vinnunni líka fellt niður á sama tíma þannig að ég þurfti að skila fullri vinnuviku á sama tíma og ég ætti að hafa verið að vinna í síðustu verkefninum. Háskólinn gaf möguleika á fresti til þess að skila verkefnum og var það gott að mörgu leyti því þá hef ég möguleika á að klára síðustu verkefnið í sumar og halda áfram í náminu skv. áætlun næsta haust.

Netfundir og upptökur – breytingar til framtíðar

1. Ég verð að biðja ykkur sem lesa þetta að hafa reyna hafa það næstu önn og allar annir eftir það að allir fyrirlestrar sama hjá hvaða kennara það sé verða teknir upp og sé komið vel fyrir þá sem ekki geta komist í skólann. Ég skil ekki hvernig þegar við erum hérna á árinu 2020 að ekki sé hægt að taka upp alla fyrirlestranna á byrjun hvers áfanga. Það var ómögulegt að fá kennara til að taka þá upp áður en núna með covid er það gjörsamlega augljóst að þeir gátu það en ákváðu ekki að gera það. Lagið allar stofurnar í háskólanum þannig að allir kennarar geti og þurfi að taka upp tímana sína. Ég vil ekki lenda í því aftur að þurfa missa af tíma vegna veikinda eða óheppilegra aðstæðna og þá svo missa af efni sem mundi koma á prófi. Glærurnar er ekki bara nóg því ég hef lent í tíma þar sem kennarinn nennir ekki að búa til glærur (x) og svo neitar fólki að koma inn í fyrirlesturinn ef það vogar sér að koma of seint. Sem var lagabrot en nei það var ekki kært því hún ákvað ekki að gera það aftur sem ég efast svo innilega um. Ég nenni þessu ekki og er orðinn ótrúlega pirraður á hvernig kennslan er gerð í sálfræði og ég veit að mjög margir samnemendur mínir eru pirraðir á því líka.
2. Finnst að stór hluti náms mætti oftara fara fram í gegnum t.d. Zoom, það sparar tíma fyrir okkur, það sparar bensín og það sparar umferð. Held það sé almennt bara betra fyrir samfélagið og umhverfið. Fyrst að tæknin er til, ættum við að nýta okkur það þegar það er viðeigandi.
3. Alltaf taka upp fyrirlestranna. Við x áfangann þá fékk ég lægri einkunn en ég bjóst við, ég veit enn þá ekki hvernig hann vildi að við skiluðum prófinu. Ég gerði mitt allra besta og notaði bókina til að hjálpa mér en það vantaði betri kennslu í allri önninni. Hann bara gerði það

ómögulegt að læra eitthvað með því að mæta í fyrirlestra hjá honum. Ég er með ADHD og þarf góða fyrirlestra til að ganga vel í áföngum og hans fyrirlestrar voru tilgangslausir. Glæurnar hans voru hræðilegar. Engir online fyrirlestrar. Ekkert.

4. Fannst lélegt hvað kennarar voru lengi að setja inn upptökur fyrirlestra, lengdi okkur um tvær vikur vegna bið á fyrirlestrum (fyrirlestrar áttu að vera búnir 27 mars minnir mig en mjög margir fyrirlestrar voru þá ekki komnir inn).
5. Halda áfram að koma námsefni á netið í upptökum, yfirtöluðum glærum. x er með bestu kennslutæknina af þeim sem ég hef kynnst.
6. Mér fannst mjög gott sem foreldri ungra barna að geta komist í upptökur af fyrirlestrum hvenær sem er, ekki bara í rauntíma.
7. Mínir kennarar hafa alveg tileinkað sér tæknina vel og það er frábært. Ég vona að það komi til að vera enda hefur mín deild lengi neitað að taka upp fyrirlestra og setja inn upptökur.
8. Sumir kennarar voru ekki í því að taka fyrirlestra upp fyrir þessa önn heldur einungis notuðu upptökur frá því í fyrra, hefði verið gott ef kennarar hefðu verið skikkaðir til að setja nýjar upptökur inn.
9. Í heildina er búið að gera allt ótrúlega vel og brugðist hratt við. Vonandi verður þetta til þess að betri samþætting á rafrænu formi og face-to-face formi geti orðið til.

Viðbrögð leiðbeinanda í lokaverkefni

1. Ég fékk lítinn stuðning í meistaraverkefninu mínu í vor, seinkaði útskrift vegna þess að ég náði ekki að klára meistaraverkefnið mitt.
2. Finnst óþægilegt að leiðbeinandi minn sé að hvetja mig til að halda mig við upphaflegan skiladag á lokaverkefni þrátt yfir að búið sé að seinka honum. Ég vil geta nýtt þann tíma sem ég hef án þess að hafa samviskubít um að vera að skila seint (en þó innan þess tíma sem við höfum fengið).
3. Leiðbeinandi er jafnframt deildarforseti og erfitt reyndist að fá leiðsögn til að byrja með í upphafi covid faraldurs. Sein til svara og óvissa með margt. Lagaðist töluvert þegar á leið þó
4. Mikið sveigjanleiki og skilningur. Gott að leita til.

Viðbrögð kennsluskristofu/skrifstofu sviðs/deildar/námsbrautar

1. Frekar óviss með skipulagið hjá deildinni og margt óljós hvernig breytingarnir eru. Lítið hjálp við hvernig á að klára lokaverkefnið, sambandi með upptökur á fyrirlestur t.d. á frágang lokaverkefni, hvernig er best að klára ritgerðina, hvernig kynningin á að vera, o.fl. Finnst lítið tekið tillit til aðstæðurnar og reynt að hafa sömu dagsetningar á skil lokaverkefna og fleira.
2. Mjög gott að hægt var að skrá sig úr þeim áföngum sem fólk hefur ekki tök á að klára vegna aðstæðna.
3. Starfsfólk skrifstofu hafði álíka litlar upplýsingar um ástand skólans og framvindu námsins og nemendur.
4. Ég var í klínísku námi í hjúkrunarfræði á vorönn og því ekki í fjarkennslu nema á umræðufundum. Mér þótti upplýsingagjöf hjúkrunarfræðideildarinnar ekki nógu góð og eins og það hafi ekki verið hugað að neinu plani ef að því kæmi að við myndum ekki getað haldið áfram okkar klíníska námi eins og til stóð. Hvort sem það var hugað að einhverju plani þegar faraldurinn var að byrja eða ekki fengum við nemendur allavega ekki upplýsingar um það og leið okkur mörgum hverjum eins og við hégjum í lausu lofti. Skapaði það mikið stress um okkar nám, hvort við myndum þurfa að vinna þetta upp í sumar eða hvort útskrift árgangsins okkar myndi hreinlega frestast. Það kom svo upp plan til þess að við myndum ná að klára okkar nám og blessaðist allt allavega hjá mér persónulega. Ég hefði viljað fá fyrr og oftar update að stöðu mála, að það væri einhver að huga að okkar klíníska námi og upplýsingar um "hvað gerðist ef þetta" o.s.fv.
5. Það mætti fylgjast betur með hvað kennarar eru að gera. Hjúkrunarfræðideildin kom nákvæmlega ekkert til móts við nemendur og stytta próftímann og við fengum engar útskýringar á því. Við leituðum til stjórnenda í hjúkrunarfræðideild og fengum bara skít til

baka og þ.a.l. gerðum við ekki meira úr þessu heldur þurftum bara að sætta okkur við það að kennarar í þessari deild hafa öll völd og nemendur hafa ekkert um námið sitt að segja.

6. Það skorti algjört upplýsingaflæði sérstaklega frá deildinni. Sumir kennarar voru með allt á hreinu og upplýstu nemendur strax í upphafi. Á meðan aðrir svöruðu ekki einu sinni tölvupóstum. Þegar tölvupóstar voru sendir á deildina fengust svör um að það yrði kíkt á málið. Hins vegar tók langan tíma til þess að fá eitthvað til að gerast. Hlutirnir fóru ekki að gerast í ákveðnum áföngum fyrr en margir nemendur voru búnir að senda fjöldann allan af tölvupóstum þar sem beðið var um svör og ákvarðanir.

Viðbrögð námsbrautarstjóra og deildarforseta

1. Ég gæti ekki verið þakklátari fyrir kennara deildarinnar og deildarforsetann. Ef þeirra nyti ekki við þá væri ég hættur námi.
2. Einstaklega skilningsrík og sveigjanleg.
3. Fæ engin svör við fyrirspurnum.
4. Sein og léleg svör, fékk aldrei niðurstöðu sem ég óskaði eftir. Alltaf bent á aðra og engin hafði svör.

Hugvísindasvið

Flest svör við opnum spurningum eða 17 snerust um óánægju með viðbrögð kennara og skort á samræmi á milli námskeiða en 11 svör lýstu ánægju og hrósuðu kennurum, níu svör snerust um aðstæður stúdenta en ekki nema fjórir svöruðu til um námsmat og prófafyrirkomulag og tveir um netfundi og upptökur. Nokkur svör snerust um viðbrögð stjórnenda.

Ánægja með viðbrögð kennara

1. Allir mínir kennarar lögðu hart að sér að halda náminu eins óbreyttu og hægt var – gera fjartímana auðvelda og hafa upptökur aðgengilegar. Mínir kennarar eiga hrós skilið.
2. Hvað varðaði aðgerðir kennara, þeir sendu tölvupóst með þeim breytingum sem áttu sér stað, og í alla staði tóku tillit til breyttra aðstæðna.
3. Flestir kennarar voru mjög snöggir að taka við sér og koma öllu inn á netið. Sumir voru nú þegar byrjaðir áður en það skall í lokun og þó kannski ekki allir voru fullkomnir gerðu þeir sitt besta til að halda kennslu gangandi.
4. Allt var mjög vel gert.
5. Kennarar hafa brugðist við á mismunandi hátt við aðstæðunum. Ég er nokkuð sátt með flesta kennara, en þó ekki alla.
6. Kennarar sýndu skilning á áhrifum aðstæðna, brugðust hratt við breyttum starfsháttum og sýndu áhuga á líðan nemenda. Gætu ekki hafa staðið sig betur.
7. Kennarinn aðlagði sig náminu með því að setja fyrirlestra á Panapto tveimur tímum fyrir lokun þannig að hún var búin að prófkeyra þetta áður en það var lokað vegna Covid. Hún var líka með Zoom tíma, sem á vissan hátt hentaði á þann hátt að fólk (eins og ég) var óhræddari við að tala í tíma. Hún spurði reglulega um líðan okkar og hugsaði líka um andlegu hliðina á þessum skrítnu tímum sem mér fannst mjög gott og gaf okkur smá tíma til að tala saman um þetta sem gaf okkur félagslega hlutann sem er svo mikilvægur.
8. Kennarinn lagði sig mikið fram við að hjálpa öllum nemendum til að klára námskeiðið miðað við aðstæður.
9. My teachers did a very good job.
10. Var frekar stressuð fyrst en skilningur kennara minna róaði mig, er þakklát fyrir skilninginn.
11. Þeir stóðu sig mjög vel! Ég var í einum áfanga sem var fremur flókið að leysa í fjarnámi en kennarinn fann útúr því og allir gátu lokið áfanganum með þryði.

Óánægja og mismunandi viðbrögð kennara

1. Ég hef heyrt af öðrum kennurum innan brautarinnar sem hreinlega „hurfu“ margar vikur í senn og nemendur voru mjög óvissir um framhaldið.
2. Einn færði kennslu í fjartíma. Annar gerði upptökur og setti á Uglu. Þriðji gerði bókstaflega ekki neitt og lét nemendur sjálfkenna sér það sem eftir var annarinnar.
3. Einn kennari hefur staðið sig sérlega illa eftir Covid-19 og það er alveg ömurlegt að þurfa að dila við það og berjast í bökkum við að klára námskeið þegar það skrifast á kennarann sjálfan.
4. Ekki hefði þurft að breyta hópverkefnum í einstaklings verkefni. Næg tækni til að vinna hópverkefni í gegnum fjarskiptabúnað. Fyrirlestrar sem féllu niður hefðu allir átt að vera uppteknir og settir á uglu. Sumir gerðu það frábærlega en þar sem það var ekki gert átti ég erfitt með námið.
5. Flott og góð vinnubrögð hjá tveimur kennurum. Sá þriðji gaf okkur alveg upp á bátinn, hafði lítið sem ekkert samband við okkur og sendi okkur leslista og ekkert meir. Tók ekkert upp eða aðstoðaði okkur ekki að neinu leyti. Heyrðum síðan aftur frá henni rétt fyrir próf, alveg óboðlegt að öllu leyti. Þetta var x áfangi ofan á allt.
6. Í minni deild er lítil þekking og reynsla kennara á að skipuleggja nám á neti. Sumir gátu sett fyrirlestra á net en þeir voru óhóflega langir og sumir ekki vel skipulagðir. Enginn samræða eða spjallfundir voru skipulagðir þannig að það fór ekki fram nein kennsla eða samtal við

nemendahópin eftir að samkomubann hófst. Maður átti bara að senda kennara tölvupóst með einstökum spurningum. Þetta var mjög einmanalegt sjálfsnám.

7. Kennarar stóðu sig ekki vel í að miðla námsefni á netinu, miðlun upplýsinga varðandi verkefnaskil og próf var ekki nógu góð né tíð.
8. Kennarar tóku þessu misvel, þau voru öll jákvæð og voru eflaust að reyna sitt besta en sum þeirra juku álagið eftir að skólanum var lokað. Þ.e. vildu vera með fleiri zoom/teams fundi heldur en við erum með tíma í stundaskrá og settu fyrir mörg verkefni. Það var mjög óþægilegt.
9. Kennarar voru misgóðir í að bregðast við. X brást t.d. nokkuð vel við og ráðstafanir hans voru frekar vel heppnaðar miðað við aðstæður. X var hins vegar ekki alveg nógu góður. Ég tel að ráðstafanir hans hafi bitnað á áhuga, einkunnum og getu til að sinna námi. Mjög ósáttur við hvernig hann brást við þessu.
10. Kennarar mínir voru mjög seinir með tilkynningar og skipulagið var mjög flókið.
11. Kröfur ekkert lækkaðar og engin fjarkennsla. Bara sagt okkur að læra þetta sjálf.
12. Mjög misjafnt eftir áföngum en mér finnst máladeildin mjög aftarlega þegar kemur að fjarnámi. Ég er í "fjarnámi" sem í raun er ekki í boði þannig að ég er í raun í sjálfsnámi. Var að vona að covid myndi nú koma krafti í nýja tíma, þ.e. fjarnám en það gerðist ekki í mínum áföngum því miður og er í raun synd að kennarar hafi ekki nýtt sér þetta ástand líkt og margir framhaldsskólar til að prófa nýjar kennsluaðferðir.
13. Námið mitt breyttist í sjálfsnám.
14. Viðbrögð einstakra kennara voru mjög misjöfn.
15. Það er aðeins einn kennari sem að mínu mati er engan veginn starfi sínu hafinn. Ég ætla ekki að nefna nein nöfn, en allir aðrir kennarar eru þess eðlis að ég sé sterka ástæðu til að halda áfram í námi. Flestir eru til fyrirmyndar og ég er stolt af því að vera nemandi við Háskóla Íslands. Leiðinlegt að einn kennari þurfti að hafa þetta viðhorf til starfs síns og nemenda sinna.
16. Í minni deild hafa nemendur skilað verkefnum í tölvupósti til kennara, ekki í neinu fjarnámsumhverfi. En nemendur fá bara einkunn, það er aldrei neitt komment um hvað er gott eða slæmt eða hvað þarf að bæta. Við fáum ekki neinar upplýsingar um hvernig okkur gengur nema með þessari einkunn sem er sett inn á Uglu.
17. Sumir áfangar eru rosalega vel upp settir og henta nemendum vel í fjarnámi, t.d. DET áfanginn (heimspeki). Þeir kennarar eiga hrós skilið. Aðrir kennarar reyndu ekki einu sinni að breyta neinu og sendu t.d. lokapróf á word skjali pdf þannig að maður þurfti að byrja á því að yfirfæra prófið yfir á venjulegt skjal, settu bara inn glærupakka og það var ekkert að fréttu.

Námsmat – próf og verkefni

1. Alltof mikið heimanám bætt við eftir samkomubanninu. Maður var alveg að drukna.
2. Eðlilega eru kennarar líka að reyna að aðlagast, en það hefði mátt gefa betri frest á verkefnum og draga úr gildi lokaprófa
3. Tókst vel að halda utan um allt sem skipti máli og próf gengu vel fyrir sig.
4. Það var frekar óskýrt hvort að það var mögulegt að fá að skrá áfanga "staðna" ef maður var ósáttur við einkunnina sína. Það virtist sem kennarar og nemendur hefðu mjög ólíkar hugmyndir um hvort þetta ætti við um alla áfanga eða ekki.

Aðstæður stúdenta

1. Fannst mjög erfitt að hafa tímana á settum tíma vegna vinnu, held að það hefði gengi betur ef kennarinn hefði sett inn hljóðritaða kynningu og talað um námið
2. Ég er að skrifa MA-ritgerðina mína og hefði kannski þurft smá hvatningu á hliðarlínunni. Ég lagði bara árar í bát og er þess vegna að rembast við ritgerðina núna í sumar.
3. Ég er í doktorsnámi svo mikið af spurningunum eiga ekki við mig. Leiðbeinandi minn hefur í raun ekkert brugðist við þessu. Ég hef ekki geta verið neitt á háskólasvæðinu þó að doktorsnemar hafi átt að fá það þar sem ég er með vinnuaðstöðu á rannsóknarstofnun á

svæðinu. Leiðbeinandi hefði mátt bregðast við því og deildin sömuleiðis. Ég bað um aðstöðu tímabundið en það var ekki hægt. Ég er bara ein að spá hvað gerist næst.

4. It was not easy for one of my teachers to understand at once that the timetable at y work was changed. I had to work during the daytime instead of the evenings. In fact, I had to write one teacher several letters so that he would understand my situation. Due to the shift of the working hours I could not participate in some meetings in my course of oral practice because I had to work at that time. Before the university had been closed my working timetable started after my lessons. Therefore, I always managed to do my studies first and then to go to work after my studies at the university. I also had to stop taking one course because it was not easy for the teacher to understand that I did not have a computer at home to send him my answers during the hours he wanted us to answer him. I just had to work at my working place during that time. Thus, there were different difficulties I had to solve in my studies because of the closing of the university this spring.
5. Afleitt að það þurfti að loka öllum lesstofum og bókasafninu. Ég hef slæma aðstöðu og ekkert næði heima og treysti á rými í HÍ. Þar að auki er lesstofa guðfræðinema er búinn að vera ónothæf í 3 vetur og ekki fyrirsjáanlegt að hún komist í notkun á næstu árum.
6. Einhverra hluta vegna þá átti ég mjög erfitt með að tala og halda kynningar á fjarfundum. Ég á auðvelt með að vera með fyrirlestur eða kynningu í kennslustofum fyrir framan fólk, en ég gat varla talað í fjarfundum. Ég fraus og gat ekki komið frá mér orði. Ekki veit ég af hverju kvíði versnaði svona mikið á fjarfundum og ég er ekki viss um að aðrir hafi lent í svipuðum vandræðum með fjarfundi, né held ég að til sé lausn á þessu. En þó finnst mér ég þurfa koma þessu á framfæri.
7. Leitt er fyrir mig sem nemanda með alvarlega námserfiðleika og sem langveika manneskju að allur búnaður hafi verið til nú þegar til að ég gæti sinnt námi, en ekki verið í boði fyrir mig og aðra eins og mig fyrr en nú.
8. Sálræn og geðræn hjálp var augin og mun það örugglega hafa hjálpað miklu magni af fólki.
9. Það þarf að hugsa meira um doktorsnema sem er á styrk en hafa ekki geta sinnt námi sínu og munu lenda í að styrkurinn klárast of snemma. Það verður hægt að sækja um framlengingu ef maður sýnir fram á áhrif en óljóst er hvort það eigi bara við þá sem ekki hafa komist á löbb og vettvangsrannsóknir, orðið veikir eða þurft að sinna börnum eða líka þá sem hafa þurft að reyna að vinna heima þar sem aðstaðan var lokað. Sama með aðstöðu. Doktorsnemar áttu að geta komist í skólann en það á ekki við um alla. Borðum í opnum rýmum var fækkað um 50% til að fylgja tveggja metra reglu svo alls ekki allir hafa geta mætt í vinnu. Hver veit hvað gerist ef tveggja metra reglan verður áfram út árið. Mörg svið HÍ eru ekki með aðstöðu fyrir alla doktorsnema sína jafnvel þó að það sé í reglum. Vegna þessa verða aðstæður fullkomlega ómögulegar þegar þetta kemur upp.

Netfundir og upptökur – breytingar til framtíðar

1. Panopto er ekki nógu gott. Upptökur frjósá og hökta. Oftast hefði verið nægilegt að fá hljóðupptökur s.s. mp3. Í þeim tilfellum er mun léttara að spila í hvaða tæki sem er, t.d. síma.
2. Skora á þá sem ekki nýttu sér alla þá fjölbreyttu tækni sem er í boði að kynna sér hana og tileinka.

Viðbrögð kennsluskrifstofu / skrifstofu sviðs/deildar/námsbrautar

1. Ég bað um vinnuaðstöðu þar sem ég er alla jafna á rannsóknarstofnun sem var lokað allt samkomubannið (doktorsnemar áttu að hafa sama aðgang að byggingum og starfsmenn). Núna er þessi stofnun með skertan opnunartíma og ég má bara mæta 2-3 daga í viku. Skrifstofan hefur ekki geta fundið lausa vinnuaðstöðu fyrir mig enn sem er bagalegt og mun tefja mig í námi. Bráðum klárast styrkurinn minn og þá verð ég í vöndum málum.
2. The service desk has been always helpful to me.
3. Ég hef ekki geta verið neitt á háskólasvæðinu þó að doktorsnemar hafi átt að fá það þar sem ég er með vinnuaðstöðu á rannsóknarstofnun á svæðinu. Leiðbeinandi hefði mátt bregðast

við því og deildin sömuleiðis. Ég bað um aðstöðu tímabundið en það var ekki hægt. Ég er bara ein að spá hvað gerist næst.

Viðbrögð námsbrautarformanns, deildarforseta og rektors

1. Deildarforseti vildi vel en talsvert úrræðaleysi virtist ríkjandi í deildinni og eiginlega langt í land að kennarar deildarinnar átti sig á í hverju hlutverk þeirra felist í svona spes aðstæðum
2. Rektor stóð sig sérstaklega vel, fannst einstaklega gott að fá pósta frá honum og muna slagorðið "saman vinnum við sigra".
3. Upplýsingaflæði var gott og hélt rektorinn vel utan um efnið.
4. Póstar rektors voru róandi og settu tóninn fyrir upplýsingaflæði innan skólans. Allt í allt voru viðbrögðin til þess að öryggi og andleg heilsa var skárri en ella, miðað við aðstæður.

Menntavísindasvið

Langflest svör við opnum spurningum, 52 alls snerust um ánægju með viðbrögð kennara en 38 svör lýstu óánægju eða mismunandi viðbrögðum eftir kennurum. Í 11 svörum var gerð athugasemd um námsmat og prófafyrirkomulag og 15 snerust um aðstæður nema og þörf á að koma betur til móts við þær. 11 svör snerust um viðbrögð leiðbeinenda í lokaverkefnum en fá um viðbrögð stjórnenda.

Ánægja með viðbrögð kennara

1. Á heildina litið þá eru allir að gera sitt besta miðað við aðstæður.
2. Að mínu mati hafa kennarar sýnt fagmennsku í þessu ástandi. Hafa lagt sig alla fram í að gefa nemendum sem besta og hentugasta kennslu.
3. Allir kennarar mjög skilningsríkir varðandi ástandið sem fékk mann til þess að anda léttar.
4. Allir stóðu sig vel, upplýsingagjöf var góð og skilningur ef verkefnaskilum seinkaði.
5. Allt var með sóma, það var tekið vel á öllu, og fólki almennt gefin kostur á að seinka skilum. Sem hentaði t.d. fólki sem var heima með nokkur börn í heimakennslu, og í fullri fjarvinnu. Til fyrirmyndar. Takk fyrir mig
6. Báðir kennararnir stóðu sig mjög vel.
7. Breytt skipulag var skýrt og gekk vel að halda áætlun þrátt fyrir skrítna tíma
8. Ég er almennt mjög ánægður með viðbrögð kennara þar sem flestir brugðist mjög vel við breyttum og óvæntum aðstæðum. Það sem stendur upp úr á svona tímum er hnitmiðuð og skýr upplýsingagjöf varðandi væntingar og fyrirmæli til að tryggja - ekki bara gæði námsins - heldur einnig áreiðanleika og réttmæti prófa.
9. Ég er virkilega ánægð með hvernig kennarar mínir stóðu að öllu, öll mál sem komu upp voru leyst í samvinnu við þá. Þetta hefði aldrei tekist ef ekki hefði verið fyrir frábæra frammistöðu þeirra og lausnamiðaða hugsun.
10. Ég upplifði góðan stuðning og skilning frá kennurum. Svo ég myndi segja mjög jákvæð upplifun á erfiðum tímum.
11. Ég var í þremur fögum og stóðu kennararnir sig svakalega vel. Hef ekkert neikvætt að segja um það.
12. Ég vil koma á framfæri framúrskarandi viðbrögðum Hönnu Ólafsdóttur lektor í listgreinum. Hún uppfærði nemendur um stöðuna frá fyrstu stundu og aðlagði námsefni og veitti mikinn stuðning á þessum erfiðu tímum. Virkilega vel að verki staðið.
13. Er á lokaönn og fannst mínir kennarar og leiðbeinandi standa sig frábærlega við breyttar aðstæður
14. Er að ljúka meistaraverkefninu á þessari önn. Þessir aukadagar sem bættust við skilafrestina breyttu öllu fyrir mig. Án þeirra hefði ég ekki náð að klára.
15. Flestir stóðu sig mjög vel að aðlagða námið að breyttum aðstæðum
16. Flott og skjót viðbrögð hjá þeim kennurum sem ég var hjá :)
17. Flott viðbrögð!
18. Frábær viðbrögð við erfiðum aðstæðum
19. Í báðum námskeiðum var brugðist fljótt við og breytt fyrirkomulag unnið vel og strax upplýst um það.
20. Kennarar gerðu mjög vel í að minnka umsvif verkefna og halda úti fjarkennslu. Mikið tillit var tekið til beiðna nemenda.
21. Kennarar á menntavísindasviði eru svo miklir meistarar, þeir vita nákvæmlega hvernig er best að tækla fjarnám, bara snilld.
22. Kennarar hafa að mínu mati verið mjög góðir að reyna að liðka til fyrir nemendum í ljósi aðstæðna.

23. Kennarar komu vel til móts við okkur nemendur, zoom fundir og reglulegir tölvupóstar voru mikill kostur í þessari óvissu. Einnig svöruðu sumir kennarar tölvupóstum samstundis, en aðrir svöruðu ekki fyrr en eftir viku eða lengur, sem var óþægilegt, þegar maður þurfti svör við ákveðin efni.
24. Kennarar námskeiðanna minna þurftu að taka á sig mikið af nýjum verkefnum vegna covid - 19 en ekki einungis færðist allt á netið heldur var vettvangsnámi umturnað hjá sumum nemendum og stóðu kennarar sig frábærlega í að koma á móts við þá varðandi verkefnavinnu, skilafrest, upplýsingaflæði og fl.
25. Kennarar reyndu að koma á móts við mann vegna aðstæðna en álagið var alveg jafn mikið. Lítið létt undir álagi nema einn áfangi sem kom á móts við mann
26. Komu til móts við nemendur
27. Komu til móts við þarfir nemenda. Sveigjanlegir, skilningsríkir og lausnamiðaðir. Stóðu sig vel í að halda utan um nemendur og unnu virkilega faglegt starf.
28. Mætti miklum skilning og stuðningi hjá kennurum. Finnst þeir eiga stórt hrós skilið fyrir það hvernig þeir kláruðu önnina í þessum aðstæðum.
29. Mér fannst í heildina séð kennarar mjög skilningsríkir á hvernig ástandið væri, ekki eins mikill friður heima fyrir til að læra þegar börnin voru í takmörkunum vegna skólahalds.
30. Mér fannst kennarar mínir í áföngunum vera mjög sveigjanlegir og tilbúnir til að koma til móts við okkur og tilbúnir til að skala námið eftir aðstæðum
31. Mér fannst kennarar taka mikið tillit til breyttra aðstæðna og gera sitt besta til að aðstoða nemendur eftir fremsta megni.
32. Mjög ánægð með viðbrögð kennara á Menntavísindasviði. Allir brugðust vel við auknu álagi nemenda og kennarar voru afar skilningsríkir vegna ástandsins
33. Mjög ánægð með viðbrögð kennara, allir sýnt mikinn skilning og verið sveigjanlegir.
34. Mjög fagmannlega gert og í þeim námskeiðum sem ég var í þá var allt gert í samráði við nemendur.
35. Mjög góð viðbrögð kennara og stóðu þau sig vel.
36. Mjög góður stuðningur og skilningur frá kennurum var afar mikilvægur, viðbrögð þeirra voru til fyrirmyndar
37. Mjög gott utanumhald kennara gagnvart nemendum og þeim verkefnum/prófum sem eftir voru á önninni.
38. Stóðu sig mjög vel að aðlaga námið að aðstæðum hvers og eins.
39. Tækluðu breytta aðstæður mjög vel og gerðu allt sem hægt var til að koma til móts við nemendur í breyttu fyrirkomulagi.
40. Takk fyrir allan Stuðninginn!!
41. Takk fyrir stuðninginn!
42. Teachers were very understanding and lenient when it came to our final projects. The support are also exceptional.
43. The teachers have been supportive to engage students on the best ways to learn. Various options have been provided to continue the studies online
44. Tillitssemi kennara til fyrirmyndar sem og hversu mikið þeir lögðu sig fram við að aðstoða, upplýsa og vera í sambandi við mig á meðan skólinn var lokaður. Einnig upplifði ég mikla hvatningu frá kennurunum sem gerðu það að verkum að ég gafst ekki upp.
45. Var ánægð með sveigjanleika og tillitssemi kennara. Mikil samhugur milli kennarar og nemenda
46. Var óánægð fyrst eftir lokun, en við nemendur spjölluðum við kennara námskeiðanna og þeir hlustuðu á það sem við höfðum að segja sem var mjög ánægjulegt og komu til móts við okkur.

47. Vil bara hrósa kennurum og stjórnendum skólans fyrir að koma vel á móts við nemendur á þessum skrítnu tímum.
48. Voru duglegir í tölvupóstsamskiptum og breytingu á námsmati
49. Það var flott hvað allir sýndu skilning og sveigjanleika.
50. Þau auðvelduðu námið töluvert, ég hefði aldrei klárað þessa önn í fjarnámi ef það hefði ekki verið fyrir góð viðbrögð kennara
51. Þau tóku öll vel á þessu ástandi en þó á misjafnan hátt. Eygló Rúnarsdóttir stóð sig lang best og taka mætti hennar skipulag til fyrirmyndar. Árni Guðmundsson gaf gott og mikið svigrúm en skipulagið hefði mátt vera betra og hann hefði mátt halda fund með nemendum á Zoom eins og Eygló gerði til að taka stöðuna á okkur. Það var fínt að læra af talglærnum en fleiri kennarar hefðu mátt halda Zoom fundi í stað talglæranna, þannig hefði samspil milli nemenda og kennara verið auðveldara og skemmtilegra.
52. Þeir komu vel á móts við mann vegna auknu álagi frá vinnu

Óánægja með mismunandi viðbrögð kennara

1. Ekki nógu skýr rammi. Skilaboð frá þeim óskýr -Mörg sleppa betur en önnur -Heppin/óheppin með kennara/námskeið sem lenda á þessari önn
2. Afar misjöfn viðbrögð milli kennara. Einn kennari var með allt á hreinu og leysti allt mjög vel varðandi námsmat og lok áfanga. Á sama tíma var ég með annan kennara sem var með allt lóðrétt, heyrðist lítið sem ekkert frá honum og þegar það heyrðist loksins voru upplýsingar óljósar og ekki að koma til móts við nemendur og aðstæðurnar.
3. Ég skil fullkomlega vel að þetta voru viðbrigði fyrir alla sem viðkomu kennslunni og skipulagi þess. Fyrir mínar sakir þá var það eina sem mér fannst hefði betur mátt fara í þessum hafsjó upplýsinga sem við vorum að fá dag hvern (fannst mér allavega) að í námskeiðum eins og stærðfræði og náttúrufræði að breytingar á verkefnaskipan hefði allt mátt vera á sama stað.. ekki eftir dúk og disk í tölvupóstum þar sem það er t.d. nýjar tilkynningar dálkinum á moodle. Vegna þessa fór seinasti partur námskeiðsinn svolítið framhjá mér. Ég er ekki að vorkenna mér að ég hafi verið undir of miklu álagi, við vorum það öll, allir í sömu súpunni ef svo má segja. Svona smáatriði geta hjálpað mikið þegar þesskonar glundroði ríkir, það var ekki nema vegna þess að samnemendur bjuggu til grúppur og stóðu saman ásamt því að vera duglegir að minna hvert annað á hin og þessi verkefnaskil sem olli því að maður náði að fylgjast nægilega vel með. Við getum samt sagt að við höfum lyft grettistaki með samstöðu okkar, bæði kennarar og nemendur. Ég lít á einnig á þessa reynslu sem kennslu í því að takast á við nýjar aðstæður og áskoranir sem verðandi kennari með stolti til þeirra fyrir þrautseigju og útsjónarsemi í þessum súrálísku aðstæðum sem uppkomu.
4. Ég upplifði lítinn stuðning og skilning við aðstæður, sérstaklega þegar lítið var til viðbrögð annarra deilda
5. Einn kennarinn var ekki alveg með á nótunum um aukið álag á nemendur og dró lítið úr kröfunum eða létti undir með nemendum
6. Fannst ekki kennarar sýna umburðarlyndi við breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu
7. Fannst lítið um svör frá kennurum.
8. Fannst vanta að geta komist a bókasafnið til að fá lánað bækur fyrir ritgerðir
9. Fengum alltof seint upplýsingar um framhaldið og það bætti við heilmiklu stressi ofan á allt annað.
10. Fór rosa mikið eftir áfanga hversu vel kennarinn kom upplýsingar til skila
11. Gat verið erfitt að fá svör við spurningum að sökum þess að mikið var að gera hjá þeim. Líklega mikið álag á kennurum sem gerði það stundum að verkum að maður þurfti að bíða óþarflega lengi eftir svörum.

12. Háskóli Ísland er til skammar, stjórnendum og kennurum!!!! Ég mun aldrei aftur mæla með honum og mun að öllum líkindum ekki fara í framhaldsnám við þennan skóla
13. Hefði mátt vera meira samræmi milli kennara.
14. Í öðru faginu var frábær stuðningur en lítill sem enginn í hinu faginu.
15. Litlu breytt og upplýsingar bárust seint og illa.
16. Litlar sem engar upplýsingar frá kennara og það hefði líka mátt peppa nemendur upp
17. Mismunandi eftir kennurum, en erfitt var að vinna í hópverkefnum og ekki allir kennarar sem sýndu stuðning við það
18. Mismunandi viðbrögð milli kennara. Sumir reyndu að finna lausnir út frá þörfum nemenda á meðan aðrir gerðu það ekki. Skrítið að áherslur og stefnur séu svona mismunandi innan skólans.
19. Mjög ánægð með viðbrögð Eyglóar Rúnarsdóttur hún á skilið orðu eða einhvers konar viðurkenningu fyrir það hversu vel hún hélt utan um okkur. x stóð sig ekki eins vel og er margt um að kvarta um hann og fer sú kvörtun til deildarstjórnar.
20. Mjög misjafnt eftir kennurum. Sumir tóku tillit til breyttra aðstæðna og breyttu eða slepptu verkefnunum þannig að álag væri minna. Aðrir kennarar bættu jafnvel við verkefnum í staðinn fyrir eitthvað sem var ekki hægt að gera vegna covid og þar að leiðandi jókst álagið.
21. Mjög misjafnt milli kennara hvernig þeir tóku lokuninni. Sumir gerðu allt sem í sínu valdi stóð til að koma til móts við alla nemendur á meðan aðrir kennara vildu helst ekkert breyta áætlunum sínum
22. Mjög mismunandi, aftur á móti eru sumir kennarar sem hafa reglur um skilvirkni eru ekki einu sinni búnir að gefa lokaekinn tveimur vikum eftir lokapróf.
23. Námið breyttist mjög litið, staðlota færðist bara á netið en kennarar sýndu lítil viðbrögð og sumir tóku ekki upp fyrirlestra og annað sem hefðu átt að vera í staðlotu. Námsmat breyttist ekkert.
24. Sumir kennarar komu ekki til móts við nemendur með því að fækka verkefnum eða minnka vinnuálag á meðan aðrir tóku vel tillit til breyttra aðstæðna.
25. Sumir kennarar virtust ekki ná nógu góðum tókum á tækninni í fjarkennslu, eftir að Covid skall á, en þau voru vön að kenna námskeiðin í staðnámi. Það væri sniðugt að taka á þeim vanda og hvetja fleiri kennara á námskeið til að tileinka sér ný og sveigjanlegri kennsluaðferðir.
26. Sumir stóðu sig til fyrirmyndar, aðrir hefðu mátt bæta sig
27. Viðbrögð kennara eru misjöfn eftir námskeiðum.
28. Viðbrögð og breytingar á kennslu komu frekar seint hjá sumum sem var óþægilegt
29. Viðbrögð voru mjög mismunandi eftir kennurum
30. Það var mismunandi eftir kennurum, það var haldið vel utan um mig og samnemendur í einu skyldunámskeiði með auknum samskiptum og fjarfundum á meðan það heyrðist ekkert í öðrum kennara nema að við óskuðum eftir upplýsingum.
31. Það var mjög misjafn eftir námskeiðum og kennurum hversu sveigjanlegir kennarar voru og hversu duglegur þeir voru að upplýsa mann.
32. Það var mjög misjafnt hvernig kennarar brugðust við. Einn kennari á allt hrós skilið og hélt vel utan um nemendur. Annar hefði mátt bregðast betur við
33. Það var mjög misjafnt milli kúrsa
34. Hefði mátt vera meiri kennsla á þessum tímum. Fannst voðalega vont að geta ekki mætt í skólann og hefði mátt vera meira utanumhald kennara. Okkur leið örlítið eins og öll kennsla væri búin eftir samkomubannið hófst.
35. Það voru mjög misjöfn viðbrögð hjá kennurum. Mér fannst svolítið mikið verið að einblína á staðnema eins og það væri ekkert erfitt hjá okkur fjarnemum. Annars var það bara í tveimur

námskeiðum sem voru gerðar breytingar á námsfyrirkomulagi og létt á. Hin námskeiðin breyttu engu og var ég í 6 námskeiðum á þessari önn.

36. Sumir kennarar héldu vel utan um okkur og voru fljótir að svara á meðan aðrir tóku sér vikur í að svara sem gat verið frekar erfitt ef maður skildi ekki eitthvað
37. Sumir kennarar stóðu sig frábærlega. Sumir lögðu sig fram til að hvetja mann áfram. Bara einn tölvupóstur gerði mikið. Aðrir kennarar áttu greinilega erfiðara með að finna lausnir og hugsa þær út frá nemandanum. Þeir hefðu sjálfir þurft markvissan stuðning og umræðu frá kollegum um hvaða mögulegu lausnir væru tiltækar. Held að sú hugsun megi halda áfram eftir Covid. Því það er stundum eins og að vera í mörgum ólíkum háskólum sem tengjast ekkert svo ólíkir eru kennararnir. Þeir eru samt allir frábærir. En með sama hugarfari og gagnvart nemum þá er ljóst að sumir kennarar gætu orðið enn betri þó ótrúlegt sé.

Námsmat – próf og verkefni

1. Miklar endurtekningar um að einkunn yrði lækkuð ef um sambærileg svör nemenda væru á prófinu, sem ýtir verulega undir prófkvíðann því allir eru að reyna að standa sig. Einnig þurfti að útfæra sum verkefni á annan máta sem varð til þess að umfang verkefnisins varð mun meira og tímafrekara heldur en hefði átt að vera og samt gildir um sömu % og áður og aðeins metið hvort við hefðum staðið verkefnið eða ekki. Hvernig það gildir upp í lokaeinkunn veit ég ekki.
2. Ég hefði viljað láta breyta hópverkefnum í einstaklingsverkefni eins og var gert á sumum sviðum Háskólans.
3. Ég var mestmegnis sátt með allt, nema eina aðferð varðandi lokapróf í einu námskeiðinu. Þar er um erfitt fag að ræða (þjálfunarlífeðlisfræði), en samt sem áður var bæði stytta tímum úr 3 tímum í 2 tíma, og allar spurningarnar voru gerðar meira krefjandi þannig að mjög erfitt var að ná að klára prófið. Miðað við alla sem ég hef talað við, eru þau á sama huga og náðu heldur ekki að klára prófið, þar sem það var allt of erfitt á einungis 2 tímum, þrátt fyrir að hafa verið heimaþróf.
4. Eini slakinn sem gefin var vikuseinkun á skilum.
5. Bara frekar ánægð, það verður samt að viðurkennast að það er mjög erfitt að taka próf í svona ástandi, það er ekki það auðveldasta í heimi að vera í vinnu, með fjölskyldu og reyna að ná námskeiðinu þó svo að þetta hafi verið heimaþróf að þá er þetta erfitt. En það eru allir að gera sitt besta, ég hefði ekki getað hugsað mér að taka próf í lokuðu umhverfi án námsgagna þar sem að það hefur reynst mjög erfitt að tileinka sér námsefnið þar sem að hugurinn hefur verið allt annarsstaðar.
6. Even if it was difficult about this situation , all teachers tried to help us to get all exams :) I am satisfied about this.
7. Fannst frekar ósanngjarnt að stytta próftímann í lokaprófunum.
8. Fannst lang flestir vilja aðstoða nemendur við að komast í gegnum þessa tíma og voru tilbúnir að seinka skiladögun ef þurfti. Var samt í áfanga sem var lokapróf a netinu og þó kennarar hafi tekið út mikið efni var ég alla 3 klst. og náði varla að klára. Ég er barnlaus í foreldrahúsi og náði að verja góðum tíma til að læra svo get velt fyrir mér einstaklingum sem voru fastir með barn heima eða í hættu að missa vinnu hefðu getað undirbúið sig og klárað próf. Hef einnig heyrt út undan mér að fleiri hefðu verið ósáttir með of þung lokapróf innan Menntavísindasviðs og mega kennarar passa að þó lokapróf séu heima þá er það ekki samansæmmerki að það sé auðveldara að svara og leysa þau.
9. Finnst að það hefði mátt koma örlítið betur til móts við okkur með að minnka vinnuálag og annað slíkt þar sem það fylgdi þessum tímum svolítill kvíði og hefði verið hægt að taka t.d. eitt verkefni út og hækkað námsmatið á öðrum í staðinn en yfirhöfuð var ég sátt með viðbrögð kennara.

10. Flestir kennarar reyndu að breyta verkefnum eða aðlagja námsmat og gekk yfirleitt vel. Stundum þurfti að teygja úr efni áfangans eða fara út fyrir efnið til að búa til verkefni sem er leiðinlegt. Þá fáum við ekki sömu upplifun úr áfanganum og fyrrum nemendur
11. Margir kennarar tóku vel á þessu og gáfu aukið svigrúm með próf á meðan mér fannst kennarar í ákveðnum áföngum vera ósáttir og höfðu lokaprófið mun lengra og þyngra en fyrri ár. Svo það var illa aðlagð að aðstæðum og lélegur undirbúningur

Aðstæður stúdenta

1. Ánægjulegt að upplifa að Háskólinn tók við sér að koma til móts við nemendur. Í leikskólum í Reykjavík var verkfall Eflingarstarfsmanna sem hafði mikil áhrif á starfið á mínum leikskóla/vinnustað en það virtist koma Háskólanum lítið við, kófið kom í beinu framhaldi af verkfallinu og þá upplifði ég loksins að Háskólinn hefði hugmynd um álagið á vettvangi/í leikskólum.
2. Ég er mjög ánægð með viðbrögðin, sérstaklega því álagið varð meira í vinnuna því við þurftum að þrifa allt hátt og lágt og þetta tók meira andlega á, Að hafa barn með ADHD og vera einstæð tók mikið á í þessu ástandi og vil ég hrósa og sýna þakklæti til kennara að hafa minnkað kröfur og haft heimapróf því það létti mjög mikið. Ég hef heyrt frá öðrum að margir voru mjög ánægðir með viðbrögð kennaranna. Takk kennarar, þið eruð frábær :)
3. Ég var mjög ánægð með viðbrögð kennara og fékk hvatningu en ég hafði ekki möguleika á að klára önnina vegna of mikils álags í vinnu og á heimilinu þar sem ég er með tvo unglunga með fötlun og þurftu þeir að vera heima frá skóla.
4. Ekki það auðveldasta í heimi að vera í vinnu, með fjölskyldu og reyna að ná námskeiðinu þó svo að þetta hafi verið heimapróf að þá er þetta erfitt. En það eru allir að gera sitt besta, ég hefði ekki getað hugsað mér að taka próf í lokuðu umhverfi án námsgagna þar sem að það hefur reynst mjög erfitt að tileinka sér námsefnið þar sem að hugurinn hefur verið allt annarsstaðar.
5. Hefði mátt taka meira tillit til breyttra heimilisaðstæðna nemenda. Börn nemenda voru ekki í leiksskóla/skóla og þ.a.l. mun minni tími til að vinna verkefi og sinna náminu.
6. Kennarar hefðu mátt vera duglegri að tékka á nemendum sínum og athuga hvernig gengi og hvernig þeim líði? Það var einn kennari af fjórum sem gerði það og fannst mér það mjög uppörvandi og elskulegt!
7. Sumir hefðu mátt taka meira tillit til þeirra sem eru með barn eða börn á heimilinu. Mjög erfitt að eiga að vera að vinna í verkefnum inni á heimilinu og sinna barni, það er ekki hægt.
8. Það að bæta við verkefnum vegna niðurfellingar staðlotu finnst mér rugl. Nemendur hafa upp til hópa annað hvort verið að vinna og heima með börn þá daga sem þeir hafa ekki mætt í vinnu. Og börnin fara ekki í pössun hjá mörgum. Hvenær á að læra???
9. Það hafði mjög góð áhrif fyrir mig að kennarar framlengdu skilafrest verkefna því það létti á pressunni heima fyrir. Ég á tvo syni, annan í framhaldsskóla og hinn í unglingadeild sem þurftu mikla hvatningu og aðhald við sitt fjarnám og því skapaði lengdur skilafrestur ákveðið svigrúm sem gerði það að verkum að ég náði að vinna að verkefnum með betri fókusi.
10. Þar sem ég vinn í félagsmiðstöð þurfti ég að færa allt starf yfir á rafrænt (sem er mikil vinna) og svo jókst verkefni vegna covid-19, sumir áfangar reyndu að halda sér við upprunalega stefnu með smávegis breytingum á meðan aðrir bættu inn talsvert af verkefnum og breyttu skipulagi áfangans.
11. Hins vegar mátti finna til meira vantrausts í garð nemenda eins og að við sem erum í fjarnámi séum ekki að sinna okkar hluta og erum ávallt minnt á það.
12. Af því ég var í fjarnámi breyttist ekki mikið, nema ég gat ekki farið í lesssal að lesa og þurfti að sinna námi heima ásamt menntaskólanema sem líka var heima, ekki eins mikill friður. Þegar maður lærir heima er maður allt í einu farinn að taka niður þvott eða setja í vél eða eitthvað allt annað. Mér fannst vont að fara í krossapróf með löngum spurningum, þar sem ég get ekki spurt um hvort ég sé að skilja spurningu rétt. Ég er lesblind og les því mjög vel og undirby mig sjúklega vel. Í prófum sem mér fannst mér hafa gengið vel var mér alls ekki að ganga vel. Ég

las ekki spurningarnar rétt. Í stað þess að svörin væru stutt og skýr voru svörin við spurningunum litlar ritgerðir, ég var í námi í Ameríku og þar gekk mér miklu betur að svara krossaspurningum. Hér er verið að nota tyrfin orð og flækja og rugla í spurningum sem er ekki að prófa þekkingu heldur lesskilning. Kaldhæðnin er að ég var í einum áfanganum að læra um gerð spurninga og í kennaradeild er verið að gera spurningar, staðsetja spurningar sem í námsefninu var talið með vondum spurningum.

13. Menntavísindasvið, allavega sá hluti sem ég er að læra við breytti mjög litlu og tók einstaklega lítið tillit til breyttra aðstæðna. Mer finnst það furðulegt því kennarar verðandi kennara hefðu mátt vera liðlegri og sýna með því hversu opnir kennarar þurfa að vera gagnvart breytingum í skólastarfi.
14. The University did not do so well with student housing payment issues especially for international students. Students in the University work and pay tax to the government yet are not entitle to any support in trying times during the pandemic. The University did not also put any proper measures in the payment of rent especially for those of us who were laid off. We had to struggle and pay as if nothing was at stake.
15. Háskólabýggingar og bókasöfn hefðu mátt vera opnar fyrir nemendur en það að það var allt lok lok og læst hafði gríðarleg áhrif á nám mitt.

Viðbrögð leiðbeinanda í lokaverkefni

1. Gefa X hrós fyrir vel unnin störf!
2. Hún er alltaf til taks ef ég þarf á að halda og hefur veitt mér góðan stuðning
3. Hún hringdi reglulega í mig á meðan ég var í sóttkví. Var mér mikil hvatning að missa ekki dampinn
4. Hún var mjög dugleg að láta okkur vita að við gætum alltaf leitað til hennar í gegnum tölvupóst ef við þyrftum einhvern stuðning
5. I am supposed to collect data but because of uncertainties future about the pandemic makes me worried as to when I can collect the data.
6. Kom mjög vel til móts við okkur og var alltaf fljót að avara fyrirspurnum
7. Leiðbeinandinn kom vel til móts við mig og mitt lokaverkefni, en það var erfitt að hafa samband við kennarann í gegnum tölvupóst þannig að hún gaf mér númerið sitt, sem gerði það auðveldara að vera í sambandi við hana í gegnum símaskilaboð.
8. Leiðbeinandinn las einungins yfir ritgerðina tvisvar. Flestar ábendingar komu ekki með leiðandi eða hjálpsömum tillögum. Leiðbeinandinn hafði lítinn sem engan tíma í fjarviðtöl, ef fjarviðtöl átti sér stað fékk maður að heyra að leiðbeinandinn væri í tímaþröng og gæti ekki farið yfir allt sem maður þurfti að fá leiðbeiningu með, heldur valdi leiðbeinandi það helsta. Ég fékk ekki uppbyggjandi mail frá einum skilum, sem braut mig niður og gaf mér enga von um að ná að skrifa ritgerðina. Ég þurfti að leita til vina til að hjálpa mér með mest öll skrifin, uppsetningu, málfar, stafsetningu o.fl. Án þeirra hefði ég aldrei trúað að ég gæti klárað ritgerðina. Ég las um hvað felst í því að vera leiðbeinandi og ég verð að segja að minn leiðbeinandi tikkaði í færri box en ætlast er til af honum. Ég er mjög vonsvikin og niðurbrotin eftir þessa reynslu.
9. Leiðbeinendur mínir eru stórkostlegar.
10. Mjög hvetjandi og leiðbeinandi
11. Skilningsrík

Viðbrögð kennsluskrifstofu/skrifstofu sviðs/deildar/námsbrautar

1. Leysa úr öllum málum eða a.m.k. vísa manni þangað sem hægt er að leysa úr þeim
2. Sein að svara
3. Það er svo margt að ég nenni hreinlega ekki að skrifa það en mín reynsla er ekki góð, frekar sorgleg

Viðbrögð námsbrautarformanns, deildarforseta og rektors

1. Brást fljótt og vel við
2. Brást við beiðnum

3. Ég vil benda á fyrri ábendingar um vinnubrögð allra innan HÍ, hreint til skammar! Engin tillitssemi eða skilningur á neinu og ómögulegt að ræða við ...
4. Snögg að svara, tilbúin til að aðstoða.
5. Fannst ótrúlega flottir tölvupóstarnir sem rektor sendi reglulega, kennarar héldu reglulegu sambandi við nemendur og upplýstu þá um breytingar. Voru einnig til staðar ef nemendur höfðu einhverjar spurningar eða vangaveltur.

Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Flest svör við opnum spurningum eða 30 snerust um óánægju með viðbrögð kennara og misræmi milli kennara og námskeiða en 17 svör lýstu ánægju og hrósuðu viðbrögðum kennara. Níu svör snerust um námsmat og fyrirkomulag prófa og sjö lýstu aðstæðum stúdenta, og fimm snerust um netfundi og upptökur.

Ánægja með viðbrögð kennara

1. Allir mínir kennarar stóðu sig vel í að færa námið yfir á vendikennslu þegar það átti við. Einnig voru höfð próf og verkefni á þeim tímum sem hentuðu sem flestum nemendum.
2. Ánægður með alla kennarana nema einn í aðstæðum covid .
3. Fannst allir kennarar sem kenndu mér bregðast vel við samkomubanninu. Kennarinn í Efnis- og orkujafnvægi breytti áætlun á skemmtilegan máta með mjög áhugaverðu lokaverkefni!
4. Fannst viðbrögðin mjög flott. Ég átti hins vegar erfiðara með að einbeita mér að náminu og halda mér við efnið þegar þörfin á að mæta í fyrirlestra var tekin í burtu.
5. Flestir kennarar gerðu það besta úr aðstæðum. Síðan var líka eins og sumir kennarar hugsuðu þetta sem frí fyrir þá.
6. Flestir kennarar stóðu sig rosalega vel í að koma upplýsingum til okkar og skýra stöðu mála og hvernig vinna ætti úr þessu. Lausnir komu ansi snögg miðað við aðstæður.
7. I love the way our teachers listen to everyone in our class about how we feel and what are we facing in this situation to find out the way to help us go through this ❤️
8. Í þeim áföngum þar sem kennarar voru með fyrirlestra á netinu breyttist námskeiðið líttíllaga sem var frábært, það var meiri munur á námskeiðunum hjá þeim sem voru ekki með fyrirlestra (samkvæmt stundatöflu) eins og fyrir Covid .
9. Kennarar deildarinnar hafa verið ótrúlega skilnings- og stuðnings ríkir
10. Kennarar stóðu sig eins og hetjur!
11. Kennarar stóðu sig vel og þetta var mjög vel framkvæmt. Hefði mátt setja allar kynningar inná ugluna samt í öllum áföngum til þess að allir hefðu aðgang því það gat alveg verið erfitt ef tölvubúnaður var ekki sem bestur að taka þátt í tímunum sjálfum .
12. Margir kennarar hafa lagt mikið á sig til að koma kennslufni á rafrænt form og það ber að hrósa.
13. Mjög misjafnt hvernig kennarar hafa brugðist við. Sumir standa sig eins og hetjur, aðrir eru ekki alveg eins fljótir að aðlagast.
14. Sumir kennarar voru frammúrskarandi og voru bæði sýnilega til staðar til að svara spurningum og kenndu fyrirlestra með sama móti og í staðnámi, en bara í gegnum zoom eða teams. Aðrir voru minna til staðar og erfiðara að ná haldi á eftir samkomubann. Ef það má vil ég þakka X sérstaklega fyrir sterkt fjarnám.
15. Sumir kennarar voru mjög góðir með þetta og settu fyrirlestra inn á uglu til að halda áfram með námsefnið, annars var einn kennari sem við þurftum að minna á að setja inn námsefni og setti ekki neina almennilega kennslu inn fyrir okkur. En yfir höfuð voru kennararnir góðir með viðbrögð.
16. Viðbrögð kennara og deildarinnar hvernig allt var fært yfir á rafrænt form aukin. notkun fjarfunda, voru mjög fagmannlega framkvæmd og tókust vel, get ekki kvartað yfir neinu.
17. Þeir stóðu sig vel að framfleyta náminu yfir á netið sem gerði þeim kleift sem vildi að halda áfram að stunda það að fullum krafti.

Óánægja með mismunandi viðbrögð kennara

1. Ánægð með flesta, en það voru einhverjir sem hættu einfaldlega að kenna.
2. Einn kennari kom lítið til ekkert til móts við nemendur þrátt fyrir ástandið.
3. Einn kennarinn kláraði ekki námsefnið en hefði getað það.
4. Er í fjórum áföngum og einn af þeim tók viðeigandi ráðstafanir sem voru mjög fínar, einn breytti engu, tveir áfangar tóku sig til og ákváðu að gera námið erfiðara þar sem við vorum

með heimapróf sem er alveg fáránlegt þar sem aftur á móti hrundu gæði námsins. Algjört rugl.

5. Flestir voru jákvæðir og hjálpuðu við allt en sumir (tveir hjá mér) breyttu kennslu nánast ekkert og gerðu ekkert til að hjálpa okkur að læra efnið.
6. Flestir þeir kennarar sem ég hef haft eru algjörlega óhæfir í sínu starfi.
7. Kennarar virðast halda þetta sé eins bara allt eins og var áður, nema núna bara í gegnum Zoom.
8. Margir gamaldags, viltu ekki tileinka sér tæknina og því varð litið úr kennslu
9. Margir kennarar hefðu mátt vera fljótari að kynna sér fjarkennslubúnað skólans og koma strax upp skipulögðum fjarfundum á ákveðnum tíma til að hjálpa nemendum að halda rútínu. Fyrstu tvær vikurnar í samkomubanni voru mjög erfiðar.
10. Misgóð eins og þeir eru margir.
11. Misjafnt eftir kennurum. Af 5 áföngum var ég mjög ánægð með viðbrögð þriggja kennara en að hluta til ánægð með viðbrögð tveggja kennara.
12. Mismunandi eftir námskeiðum, kennarar voru misvel undirbúnir og missveigjanlegir varðandi námsmat og annað.
13. Mjög mismunandi á milli áfanga, sumir frábærir en aðrir ekki eins frábærir :)
14. Rather satisfied but the teaching experience is different in many ways among the teachers. Most of the teachers did a great job during the COVID-19 time but one did not.
15. Sein viðbrögð, lítið um upplýsingagjöf....seinkun og breyting á verkefnum sem kom illa við nemendur en vel við kennara.
16. Í stærðfræðikúrsum hefði þurft að vera meiri aðstoð með aukatímakennurum helst 3–4 í viku.
17. Sumir gerðu ekki neitt fyrir okkur og hentu svo í okkur eitt erfiðast próf lífs míns.
18. Sumir kennarar brugðust hreint út sagt mjög illa við þessu. Sem betur fer voru þeir ekki margir. En mjög erfitt að vera að kenna manni sjálfum efni þegar maður fær mjög litlar upplýsingar frá kennara sem svaraði ekki einu sinni maili.
19. Sumir kennarar lögðu svo gott sem enga vinnu á sig við að færa kennslu á netið og lögðu hana frekar niður.
20. Sumir kennarar voru virkari en aðrir að halda zoom-fjarfundi og tíma. Mér finnst að kennarar hefðu átt að vera miklu skipulagðari stax eftir að samkomubann var sett á. Vegna þess að erfiðasti hluturinn við það að breyta náminu svona er óvissan sem er hjá nemendum í sambandi við lokapróf og námsmat yfir höfuð.
21. Sumir stóðu sig mjög vel og allt var vel unnið á meðan aðrir hurfu alveg og ekkert heyrðist frá þeim og verkefni birtust bara inni á Uglunni án þess að neitt heyrðist frá kennurum.
22. Upplýsingagjöf hefur verið mjög misgóð. Það hefur reynst best þegar kennarar gefa sér tíma til að komast að því hvaða kröfur nemendur gera til viðbragða við breyttum aðstæðum, taka það til greina við endurskoðun á kennsluáætlun og miðla breyttu skipulagi á skýran hátt (helst með fundi) til nemenda. Þá má slík upplýsingagjöf ekki koma of seint.
23. Viðbrögðin voru mjög misjöfn. Hefði mátt vera meira samræmi
24. Would have appreciated more emphasis on online lectures and less emphasis on assignments.
25. Það að ekkert samræmi hafi verið milli áfanga gerði erfitt fyrir að halda utan um allt. T.d. sumir nota bara uglu, aðrir nota sína eigin heimasíðu og svo var ég líka í þeim hópi sem prófaði Canvas í vor.
26. Það var mjög misjafnt eftir námskeiðum hvernig kennararnir tóku á þessu. Í sumum áföngum var það til fyrirmyndar en í öðrum áföngum ekki.
27. Það voru sumir kennarar sem hefðu mátt upplýsa nemendur betur um hvað væri í gangi og svara þegar þeir fengu fyrirspurnir, skiljanlegt að þetta hafi verið krefjandi fyrir kennara líka en það er líka í lagi að senda póst til að láta vita að þeir viti heldur ekkert ef sú er raunin. Það hefði líka mátt vera meira samræmi milli námskeiða um hvernig ætti að tækla þessar aðstæður. Sumir tóku mjög vel á þessu og eiga hrós skilið.

28. Þetta fer algjörlega eftir námskeiðum. Öll námskeið nema eitt stóðu sig vel í að færa tímana yfir á netið sem fyrst, helst í gegnum zoom. Þessi eini áfangi færði sig svo yfir á zoom rúmum tveimur vikum eftir að hinir áfangarnir höfðu gert það. Einnig þurfa sum námskeið að hafa verklega tíma og einmitt þau námskeið urðu verst úti í þessum aðstæðum. Vettvangsferðir sem voru skylda voru ekki farnar.
29. Sumir kennarar lögðu niður kennslu í stað þess að færa hana á netið.
30. Sumir kennarar stóðu sig með þrýði meðan aðrir reyndu ekki einu sinni
31. Mjög mismunandi eftir kennurum. Sumir fóru eftir tilmælum rektors og slökuðu á kröfum en aðrir héldu sínu striki eins og ekkert hefði í skorist sem olli mun meiri kvíða en ella.

Námsmat – próf og verkefni

1. Aðeins einn áfangi var verulega lengi að láta okkur vita hvað gera ætti í sambandi við lokapróf sem veiti aukið stress en annars gekk allt mjög vel.
2. Flestir þeirra miskildu að "minnka álagið" og minnkuðu bara vægi lokaprófs sem er alveg út í hött. Álag myndast vegna mikilla verkefnaskila ekki vægis þeirra. Það hefði ekki átt að minna vægi neins heldur fækka skilum og prófum. Ég sem nemandi þarf ennþá að læra jafn mikið efni fyrir lokapróf, skila jafn mörgum verkefnum (sem gilda nú meira). Og nú þar sem öll skilaverkefni eru án almennrar kennslu eru þau miklu erfiðari og þar af leiðandi varð álagið bara miklu meira.
3. Hefði tekið Staðið/fall en enginn bauð upp á það.
4. Var mjög óánægð með að kennari bætti við verkefnið vegna þess að verkleg kennsla gat ekki orðið til staðar, einnig gerði hann verklega efnið og við skiluðum skýrslu frá niðurstöðunum. Það var smá spark, en aðrir áfangar minnkuðu álagið svo það reddaðist.
5. Fannst flott að bjóða upp á staðið/fallið fyrir þá sem óskuðu. Hjá mér endurspeglast þessi önn alls ekki hvernig ég er sem námsmaður og fegin að ef COVID-19 myndi hafa áhírf á meðaleinkunn þá væri hægt að nýta sér það úrræði. Þetta losnaði um stórt stress hjá mér persónulega. Þrátt fyrir það þá hef ég eftir bestu getu reynt að halda mér eins.
6. Hefðu átt að hafa upplýst nemendur miklu fyrr í sambandi við uppsetningu lokaprófa
7. Rafræn heimapróf áttu það til að vera alltof löng m.v. gefin tímaramma þó að við hefðum verið með aðgengi að öllum gögnum.
8. Slakað var of mikið á gæðakröfum náms. Of margir aðilar blönduðu sér í að endurskoða námsmat.
9. Auðvitað stóðu þeir kennarar sig vel þegar faraldurinn, og meðfylgjandi hömlur, kom til landsins og þeir byrjuðu að setja alla fyrirlestra á netið. En það þýðir fyrir nemendur úr þeim áföngum gætu hafa þurft að breyta því hvernig þeir læra fyrir lokapróf eftir því hvort þeir væru að læra efnið sem kom fram fyrir eða eftir faraldur.
10. Gott upplýsingaflæði en hefði mátt vera minni óvissa. Til dæmis segir rektor að ákvörðun verður tekin fyrir x dagsetningu en svo eru helmingur kennara óákveðnir nokkrum dögum eftir x dagsetningu. Svo varðandi þessi heimapróf þá er einn áfangi sem ég hreinlega upplifði það að mér hafi verið refsað fyrir að lenda í þessum faraldri. 10x erfiðara próf á sömu tímamörkum þrátt fyrir töluvert verri námsgæði.

Aðstæður stúdenta

1. Verkefnaálag er almennt mikið í tölvunarfræðinni. Mér algjörlega féllust hendur þegar leikskóli x lokaði. Ég gat skilað mjög takmarkað af verkefnunum eftir að covid skall á. Sem betur fer var ég búin að vera mjög dugleg fram að því og átti því inneign fyrir því að geta sleppt einhverjum af verkefnunum. Annars hefði ég eflaust ekki getað lokið við önnina.
2. Af hverju er það samþykkt norm að nemendur séu fátækir, kvíðnir og endalaust stressaðir? Við erum ekki öll börn af Setljarnarnesinu :'(
3. Ég er örlítið stressaður með að ná öllum námskeiðum sem ég er í sökum þess að einbeitingin gjörsamlega hvarf eftir samkomubannið. Einnig var hætt við að bjóða upp á sumarstafið sem ég hafði þegar útvegað mér í byrjun maí, því finnst mér ólíklegt að ég nái að útvega mér starfi

upp úr þessu. Þess vegna væri ég mjög ánægður ef að boðið væri upp á einhver námskeið í sumarskóla.

4. Ég tel það skipta máli að kennarar haldi tíma í gegnum þjónustur líkt og Zoom á settum tíma í stundartöflu svo nemendur geti haldið rútinu.
5. Finnst fjarnámið hafa virkað ótrúlega vel. Sérstaklega fyrir mig þar sem það sparaði hellings tíma þar sem ég er frá Suðurnesjum. Gat lært auka 2 tíma á dag sem hefðu frekar farið í að keyra ef fjarnámið hefði ekki komið til. Fannst ég læra betur með þessum hætti og fannst frábært að skoða fyrirlestra bæði í rauntíma og sem myndbönd þar sem eftir á er hægt að skoða fyrirlesturinn aftur og kafa dýpra í það efni sem maður vill skoða betur. Sparaði mér t.d. hellings tíma í Stærðfræðigreiningu 2 að hafa þetta viðmót.
6. Finnst lítið sem ekkert tekið tillit fyrir þá sem eru með sérúrræði, ef allir fara í sama flokk og sérúrræði þá er eins og ekkert hafi breyst s.s sérúrræði núllast út fyri sem þurfa. aðili sem þarf ekki sérúrræði græðir mest á lengri próftíma en sá sem er með sérúrræði er á sama stað, próf verða erfiðari vegna fjarprófa og bitnar á þeim sem síst þurfa á því að halda
7. Having a time-frame to complete a test such as you have a week to start but once you do you will have x amount of time was way better than show up online at this time, because it was difficult to hold such structure with children at home and homeschooling.

Netfundir og upptökur – breytingar til framtíðar

1. Kennarar mættu vera duglegri við að taka upp zoom fundi þannig að maður geti horft á tíma sem manni hentar sjáfum
2. Mér fannst live fjarfyrirlestrar besta leiðin til að halda mér við námsefnið og detta ekki aftur úr. Það var líka mjög hentugt þegar þeir voru teknir upp og settir á netið til að geta horft á seinna ef maður missti af. Mér fannst ekki gefinn nægur próftími í sumum lokaprófum.
3. Allir reyndu sitt besta en augljóslega áttu kennarar ekki búnaðinn sem hefði þurft
4. Fyrirlestrar eiga að hafa verið settir á Uglu á myndbandsformi fyrir löngu síðan. Það átti ekki að þurfa heimsfaraldur til að koma því í gegn, en Stúdentaráð hefur barist fyrir því í töluvert langan tíma að koma öllum fyrirlestrum á myndbandsform og á Uglu.
5. Gríðarlega þægilegt að hafa lesna fyrirlestra á netinu með fyrirlestraglærum í áföngum sem buðu áður ekki upp á slíkt.

Viðbrögð leiðbeinanda í lokaverkefni

1. Ánægð með að það var hægt að samþykkja að byrja á lokaritgerðinni í sumar.
2. Frekar sein að svara tölvupóstum en gefa þó meiri slaka á skiladögum í staðin
3. Hann var mjög skilningsríkur
4. Virkilega hjálplegur og svaraði öllum spurningum vel þó svo að hann gæti ekki upp svarið. Setti líka allar spurningar sem hann fékk inn á ugluna sem mér fannst virkilega sniðugt. Það var voða lítið um svör. Ég neyddist til að vera heima vegna þess að ég er meistaranemi, en námið mitt felst algjörlega í því að vinna á rannsóknarstofu svo ég missti úr einn og hálfan mánuð af vinnu og hafði í raun og veru mjög lítið að gera heima

Viðbrögð námsbrautarformanns, deildarforseta eða rektors

1. Ánægð með að það var hægt að samþykkja að byrja á lokaritgerðinni í sumar.
2. X er búinn að vera mjög duglegur að senda út tölvupósta til að athuga með líðan nemenda og hefur sent út tvær kannanir til að fá yfirsýn yfir ástand nemenda. Ég er mjög ánægð með hans störf.
3. E-mailið for framhjá honum vegna þess að það voru svo mörg. Ég hringdi og hann var svo almennilegur og nice, afsakaði sig að svara ekki.
4. Flæði upplýsinga var mjög gott. Það var gott að fá reglulega tölvupóst frá Rektor og fleirum um ástandið, viðbúnað og fyrirkomulag.